



---

# LISTNÁMSBRAUT – SKÖPUN, UPPLIFUN OG ÞÁTTTAKA

---

Námskrá



180KE.

SÍMENNTUNARMIDSTÖÐIN Á VESTURLANDI OG FRÆÐSLUNETIÐ – SÍMENNTUN Á SUÐURLANDI.

### Styrktaraðili verkefnisins:



### Samstarfsaðilar:



## Efnisyfirlit

|   |     |
|---|-----|
| Ágrip .....                                     | 3   |
| Inngangur .....                                 | 4   |
| Orðanotkun og hugtök .....                      | 4   |
| Uppbygging námskrárinnar .....                  | 5   |
| Breytt viðhorf og þróun hugmyndafræði .....     | 6   |
| Frá fullorðinsfræðslu til framhaldsfræðslu..... | 8   |
| Þróun í framhaldsfræðslu.....                   | 9   |
| Markhópur og námsumhverfi .....                 | 10  |
| Æskileg vinnubrögð .....                        | 12  |
| Kennslugreinar.....                             | 14  |
| Áherslur .....                                  | 14  |
| Leiklist.....                                   | 17  |
| Þrep 1 .....                                    | 20  |
| Þrep 2 .....                                    | 24  |
| Myndlist.....                                   | 32  |
| Þrep 1 .....                                    | 36  |
| Þrep 2 .....                                    | 42  |
| Textílmennt .....                               | 49  |
| Þrep 1 .....                                    | 53  |
| Þrep 2 .....                                    | 60  |
| Tónlist.....                                    | 67  |
| Þrep 1 .....                                    | 77  |
| Þrep 2 .....                                    | 93  |
| Námsmat .....                                   | 112 |
| Samantekt .....                                 | 113 |
| Gagnlegar vefsíður og fræðsluefni .....         | 114 |
| Heimildaskrá.....                               | 115 |

## Ágrip

Í námskrá þessari er lögð áhersla á að mæta þörfum fólks með mikla þroska- og hreyfihömlun og/eða einhverfs fólks. Markmiðið er að þróa nýtt nám, Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttöku, sem eykur tækifæri fatlaðs fólks til að öðlast nýja reynslu í gegnum listnám.

Höfundar:

Ása Hlín Svavarsdóttir

Ásrún Inga Kondrup

Nanna H. Eggertsdóttir

Rakel Þorsteinsdóttir

Nánar um menntun höfundanna: Ása Hlín hefur BA gráðu í Leiklist og MA gráðu í Listgreinakennslu. Ásrún Inga hefur BA gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands og hefur einnig lokið tónlistarkennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík með kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi. Nanna hefur BA gráðu í hönnun með textíl sem sérgrein og hún hefur einnig lokið námi í kennsluréttindum á grunn- og framhaldsskólastigi í textíl, hönnun og myndlist. Rakel hefur BA gráðu í þroskaþjálfarafræði frá Kennaraháskóla Íslands og hefur lokið viðbótardiplómanámi frá Háskóla Íslands í sömu grein. Allar hafa þær reynslu af kennslu.

Verkefnastjórar eru Helga Björk Bjarnadóttir og Rakel Þorsteinsdóttir, þroskaþjálfar. Starfsfólk ráðgjafardeildar Fjölmennatar þær Anna Soffía Óskarsdóttir og Jarþrúður Þórhallsdóttir veittu höfundum þessarar námskrár ráðgjöf hvað varðar æskilegan aðbúnað, kennsluhætti o.fl. Námskráin var unnin á árunum 2014 og 2015.

## Inngangur

Þjónusta við fatlað fólk tekur sífelldum breytingum og hafa breytt viðhorf gagnvart fötlun í samfélaginu leitt til þess að margar dyr sem áður voru lokaðar fötluðu fólki hafa nú opnast. Ýmislegt bendir þó til þess að enn megi gera betur t.a.m. hafa íslenskar rannsóknir sýnt fram á að þennan hóp hefur skort tækifæri til að stunda samfellt nám að loknum framhaldsskóla (Anna Soffía Óskarsdóttir, 2009; Helga Gísladóttir, 2007; María Hildipórsdóttir, 2006).

Aðdragandi verkefnisins var samstarf á milli Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi og Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi. Verkefnastjórar, sem hafa umsjón með símenntun fatlaðs fólks á miðstöðvunum, höfðu greint þörf fyrir aukið námsframboð. Hugmynd kviknaði um að efla og þróa námstilboð innan framhaldsfræðslu fyrir hópa þar sem skort hefur tækifæri til náms.

Símenntunarmiðstöðvarnar sóttu því um styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til verkefnisins og fengu nægjanlegt fjármagn til vinnslu á eftirfarandi námskrá.

Námskráin var unnin í samstarfi við fleiri stofnanir en það eru: Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð ses. (sem hér eftir verður kölluð Fjölmennt) og hefur í áraraðir sinnt símenntun fatlaðs fólks, Myndlistaskólann í Reykjavík sem hefur þróað nám fyrir fólk með þroskahömlun og List án landamæra. List án landamæra er árlegur listaviðburður sem er ætlað að skapa tækifæri til þess að listaverk og hæfileikar fatlaðs fólks verði sýnilegri í samfélaginu.

## Orðanotkun og hugtök

Í framhaldsfræðslu er almennt talað um **leiðbeinanda** í stað kennara og viljum við leggja áherslu á það í námskránni og einnig að nota orðið **þátttakandi** í stað nemanda. Leiðbeinendur á Listnámsbraut skulu hafa kennsluréttindi eða teljast sérfræðingar í sinni kennslugrein og hafa góða þekkingu á viðfangsefninu. Í námskránni notum við hugtakið **fatlað fólk** en bendum samtímis á að fatlað fólk er langt frá því að vera einsleitur hópur.

Við bendum einnig á ólík viðhorf til fötlunar og margbreytileika í samfélaginu og þess hvaða þýðingu það hefur fyrir manneskju að vera með „fötlunarstimpil“. Það hefur því verið vandasamt að finna út hvaða orð og hugtök skal nota til að lýsa þeim markhóp sem námskráin tekur til, sem flestir hafa mikla þroskahömlun, margvíslegar hreyfihamlanir og óvenjulega skynúrvinnslu og einhverfu. Sumir þróa ekki kerfisbundið mál, s.s. talmál eða önnur táknkerfi. Í þeim tilvikum er tjáning fólks óhefðbundin, án orða, og algengt að hún sé fólgin í líkams/tilfinningaviðbrögðum, hljóðum og svipbrigðum. Markhópurinn á það sameiginlegt að hafa þörf fyrir stuðning við flestar athafnir daglegs lífs.

### Uppbygging námskrárinnar

Námskráin skiptist í fjóra meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um þróun hugmyndafræði í framhaldsfræðslu fatlaðs fólks. Einnig um Símenntunarmiðstöðvar sem m.a. sinna framhaldsfræðslu í landinu og tengsl þeirra og Fjölmennatar sem sinnt hefur fræðslu fatlaðs fólks sérstaklega. Í öðrum kafla er fjallað um forsendur markhópsins til náms og þörf fyrir sérstakar námsaðstæður, undirbúning o.fl. Þriðji kaflinn fjallar um áherslur og markmið. Þar er kennslugreinum gerð skil, námslýsingar, skipulag o.fl. Einnig er tillaga að vikuskipulagi þar sem hver kennslustund er nánar útfærð og hvaða verkfæri eiga við hverju sinni. Fjórdi kafla fjallar um námsmat og í lokin er samantekt. Tilgangurinn með því að bjóða upp á Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttöku er að auka framboð náms með margbreytileika fólks í fyrirrúmi. Einnig að stuðla að samfélagslegri þátttöku fatlaðs fólks og auka tækifæri þess til náms- og starfsþróunar.

## Breytt viðhorf og þróun hugmyndafræði

Nýjar hugmyndir og breytt viðhorf gagnvart margbreytileika fólks í samfélaginu hafa m.a. leitt til áherslubreytinga í námi og kennslu fatlaðs fólks. Hér á eftir er fjallað um þróun hugmyndafræði og áhrif hennar á símenntun fatlaðs fólks. Hugmyndir og áherslur námskrárinnar eru undir áhrifum frá fötlunarfræðum sem hafa átt stóran þátt í að breyta almennum hugmyndum um fötlun.

*Læknisfræðilegt sjónarhorn* á fötlun var ríkjandi hér á landi og á vesturlöndunum mestan hluta 20. aldar. Út frá því sjónarhorni er litið á fötlun sem andstætt við það sem eðlilegt er. Þetta sjónarhorn hefur lengi haft neikvæð áhrif á viðhorf og skilning fólks almennt á aðstæðum fatlaðs fólks (Goodley, 2011: Rannveig Traustadóttir, 2003). *Félagsleg sjónarhorn* á fötlun eiga rætur sínar að rekja til baráttusamtaka fatlaðs fólks í Bretlandi sem komu fram með nýja skilgreiningu á fötlun m.a. í þeim tilgangi að breyta viðhorfum í samfélaginu. Gerður er greinarmunur á *skerðingu* (e. impairment) annars vegar og *fötlun* (e. disability) hins vegar. Félagslegi skilningurinn felur í sér viðurkenningu á því að fólk búi við ákveðnar skerðingar s.s. þroskahömlun og/eða hreyfihömlun en fötlunin sjálf sé tilkomin vegna þeirra hindrana sem fólk með skerðingar mætir í samfélaginu s.s. í formi neikvæðra viðhorfa, meðaumkun og fordóma í þeirra garð sem og takmörkuðu aðgengi að almennum upplýsingum, námi, byggingum og fl. (Goodley, 2011). *Norræna sjónarhornið á tengsl samfélags og fötlunar* varð til í kringum 1970. Það leggur áherslu á að skoða þurfi tengsl fatlaðs fólks við umhverfi sitt. Fatlað fólk á ekki einungis að þurfa að laga sig að samfélaginu heldur þarf samfélagið einnig að laga sig að því. Þetta sjónarhorn hefur m.a. haft áhrif á lög, reglugerðir og stefnumótun í félagslegri þjónustu á þann hátt að skilningur hafi aukist fyrir því að fatlað fólk hafi þörf fyrir stuðning og þjónustu í samfélaginu (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Þessar nýju hugmyndir um fötlun hafa verið frelsandi fyrir fatlað fólk vegna þess að þær hafa opnað augu almennings fyrir þeim hindrunum sem samfélagið skapar og fatlað fólk þarf að mæta. Að félagslegar hindranir skapi í raun minnihlutahópa. Félagsleg sjónarhorn leggja áherslu á að efla og styðja fatlað fólk og fjölskyldur þeirra

til sjálfshjálpar og að taka ákvarðanir um þeirra eigið líf (Goodley, 2011: Rannveig Traustadóttir, 2003 og 2006). Áhrif ríkjandi sjónarhorna á fötlun eru gríðarlega mikil. *Sjónarhorn mannréttinda í lífi fatlaðs fólks* er það sem *Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*, byggir á (Helga Baldvins- og Bjargardóttir og Hanna Björg Sigurðardóttir, 2011). Í 19. grein Sáttmálans er fjallað um að fatlað fólk skuli lifa eðlilegu lífi, *án aðgreiningar* (e. inclusion) í samfélaginu, og í 24. grein er fjallað um að menntun, á öllum stigum, skuli vera án aðgreiningar, þ.m.t. símenntun (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2009). Sáttmálinn hefur verið undirritaður af íslenskum stjórnvöldum (Helga Baldvins- og Bjargardóttir og Hanna Björg Sigurðardóttir, 2011). Sáttmálinn byggir á félagslegum sjónarhornum þ.e. að ekki sé litið framhjá því að fatlað fólk hafi þörf fyrir stuðning til þátttöku í samfélaginu og einnig að hindranir séu að mörgu leyti samfélagslega skapaðar. Áhersla er lögð á að fólk í samfélagi okkar sé margbreytilegt og að fatlað fólk sé hluti af þeim veruleika og eðlilegum margbreytileika.

Hugtakið *valdefling* hefur verið mikið notað í tengslum við réttindabaráttu fatlaðs fólks. Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2006) segir valdeflingu í grundvallaratriðum snúast um að fólk öðlist meiri stjórn á eigin lífi. Það virðist vera almenn samstaða um að valdefling sé félagslegt ferli sem eigi sér stað í samskiptum fólks (Sprague og Hayes, 2000). Anna Soffía Óskarsdóttir (2009) segir þróunina í kenningu fatlaðs fólks hafa verið á þann veg að þátttakendur hafi haft aukið val. Það sé unnið að auknum tjáskiptum, valmöguleikum og valdeflingu. Leiðbeinendur læra smám saman að þekkja tjáningu og viðbrögð hvers og eins þátttakanda. Áherslur í námi fatlaðs fólks hafa breyst í takt við ríkjandi hugmyndafræði og tíðarandann á hverjum tíma. Félaglega sjónarhornið á fötlun hefur vissulega haft áhrif og breytt viðhorfum til fatlaðs fólks að nokkru leyti.



## Frá fullorðinsfræðslu til framhaldsfræðslu

Námstilboð fyrir þann markhóp sem námskráin beinist að hefur aðallega þróast innan sérstakra stofnana sem sinnt hafa fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks en þau má rekja aftur til Þjálfunarskóla ríkisins á 9. áratug síðustu aldar. Árið 1990 var fullorðinsfræðsla allra þjálfunarskólanna sameinuð undir eina stjórn og nefnd Fullorðinsfræðsla fatlaðra. Árið 2002 var Fullorðinsfræðsla fatlaðra lögð niður og Fjölmennt stofnuð. Fjölmennt er sjálfseignarstofnun með aðild Landssamtakanna Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands (Anna Soffía Óskarsdóttir, 2009). Fjölmennt hefur því í áraraðir haft umsjón með fullorðinsfræðslu fyrir fatlað fólk, 20 ára og eldra. Fjölmennt heyrir undir lög nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu líkt og aðrar símenntunarmiðstöðvar og með þeirri lagasetningu má segja að hlutverk Fjölmenntar hafi breyst. Í allri stefnumótun Fjölmenntar er lögð rík áhersla á að fatlað fólk eigi kost á símenntun til jafns við aðra þjóðfélagsþegna og hjá sömu aðilum og veita fullorðnu fólki símenntun. Samkvæmt skipulagsskrá Fjölmenntar er hlutverk hennar þrjúþætt: að veita ráðgjöf, gera samninga við aðra símenntunaraðila þess efnis að þeir haldi námskeið fyrir fatlað fólk og einnig að halda námskeið (Gerður A. Árnadóttir og Guðmundur Magnússon, 2010).

Eins og fram kemur í meistararitgerð Önnu Soffíu Óskarsdóttur (2009) henta útgefin námsgögn og námskrár ekki fyrir alla og hafa leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu fyrir fatlað fólk því alltaf fengist við námsgagnagerð í kennslu sinni. Árið 1988 var í fyrsta skipti boðið upp á námskeið fyrir fólk með mikla tjáskiptahömlun en þá var ekki gert ráð fyrir að þarfir og áhugamál þátttakenda væru ólík þörfum barna á grunnskólaaldri. Almenn námskrá Fullorðinsfræðslu fatlaðra var samin árið 1995 en í henni var lögð áhersla á einstaklingsmiðun í námi og að auka lífsgæði þátttakenda. Í stefnuskrá Fjölmenntar komu auknar áherslur um námskrárinnihald. Þá voru sveigjanleiki og einstaklingsmiðun höfð í fyrirrúmi. Einnig sjónarmið um virka þátttöku í einu samfélagi fyrir alla. Meira bar á umræðu um að mæta þátttakendum sem fullorðnu fólki og styrkja þá til að velja sjálfir það nám sem þá langar að fara í. Virðing og sjálfstyrking höfðu áður skipt máli, en urðu nú sýnilegri ásamt umræðu um valdeflingu í umfjöllun um fullorðinsfræðslu á meðal leiðbeinenda og stjórnenda.

### Þróun í framhaldsfræðslu

Sú þróun hefur átt sér stað í námi fullorðins fatlaðs fólks að námstækifæri þeirra hafa aukist á símenntunarmiðstöðvunum sem staðsettar eru í þéttbýliskjörnum víðs vegar um landið. Símenntunarmiðstöðvarnar starfa á grundvelli laga um framhaldsfræðslu og halda námskeið fyrir fullorðið fólk, starfstengd námskeið og tómstundanámskeið. Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi og Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi sjá báðar um námskeiðahald fyrir fatlað fólk á starfssvæðum sínum samkvæmt samningi við Fjölmennt og í samræmi við markmið laganna um „að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni“ (Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010).

Þjónusta við fatlað fólk hefur breyst heilmikið síðastliðna áratugi m.a. á þann hátt að sérúrræðum hefur fækkað og fatlað fólk hefur nú greiðari aðgang að almennri þjónustu samfélagsins en áður. Hugmyndafræði um jöfn tækifæri og fullgilda samfélagsþátttöku fatlaðs fólks er að ryðja sér til rúms. Dæmi um greiðari aðgang fatlaðs fólks að almennri þjónustu samfélagsins er samstarf Fjölmenntar við aðra símenntunaraðila. Mikilvægt er að tryggja að kennsluhættir og vinnubrögð séu sniðin að þörfum hvers og eins því þátttakendahópurinn er fjölbreyttur. Einnig þarf að hafa í huga að námsframboð sé miðað við þarfir og áhuga markhópsins.

## Markhópur og námsumhverfi

Í hverri manneskju býr máttur til sköpunar. Í gegnum skynfæri og skynúrvinnslu verður til tækifæri til fagurfræðilegrar upplifunar og virkni að njóta sín í sköpun og tækifæri til þess að tjá sig á eigin forsendum.

Þroski og þróun manneskjunnar verður í samfélagi við aðra og það er mikilvægt að fá tækifæri til þess að upplifa sjálfan sig sem hluta af samfélaginu með virkri þátttöku. Það eykur möguleika á því að þróast sem manneskja (Gunnar E. Finnbogason, 2010). Kenningar menntafrömuðarins Johns Dewey um mikilvægi þess að tengja nám við verklega þætti eins og að læra í verki (learning by doing) og lýðræði menntunar hafa hlotið verðskuldaða athygli og viðurkenningu í fræðasamfélaginu. Dewey lagði áherslu á að mannfólkið lærir í gegnum eigin reynslu. Verkhyggja er lykilhugtak sem tengist hugmyndum hans um menntun og reynslu en það merkir að þekkingarleit verði að byggjast á reynslu eða skynjun (Kristján Kristjánsson, 2010). Listnám er verknám sem gerir fólki kleift að þróa hæfileika sína, hverri og einni manneskju, út frá eigin skynjun og reynslu.

Hér verður fjallað nánar um sérstöðu markhóps þessarar námskrár og reynt að lýsa forsendum hans til náms. Um er að ræða manneskjur með flóknar samþættar fatlanir, af ýmsum toga, sem eiga það sameiginlegt að hafa þörf fyrir stuðning til að taka þátt í fleiri en einum af meginþáttum tilverunnar s.s. að fara á milli staða, sjálfshjálp, að eiga samskipti, að lifa sjálfstæðu lífi o.fl. Áður hefur verið nefnt að tjáningarform er óhefðbundið þ.e. ekki formlegt kerfisbundið talmál (Anna Soffía Óskarsdóttir, 2009; Hallahan, Kauffman og Pullen, 2014). Gerð hefur verið nokkuð víðtæk skilgreining á hugtakinu tjáskipti eða boðskipti sem er þessi:

Boðskipti eru flutningur á boðum frá einum einstaklingi til annars. Þessi víðtæka skilgreining á boðskiptum felur í sér að allt sem einstaklingur aðhefst, viljandi eða óviljandi, ber einhver boð að því tilskildu að móttakandi sé nærstaddur, sem viljandi eða óviljandi skynjar boðin og túlkar þau (Granlund og Olsson 1992, bls. 3).

Tjáskipti verða almennt til í samspili manna á milli þegar einhver sameiginlegur skilningur verður á milli einstaklinga. Mikilvægt er að þróa óhefðbundnar viðbótartjáskiptaleiðir fyrir þá sem eiga ekki möguleika á að tjá sig með hefðbundnu talmáli. Hugtakið Frumboðskipti er notað til þess að lýsa tjáskiptum án málkerfis en margir af þeim sem hafa mikla tjáskiptahömlun þróa ekki formlegt mál á hærra stig. Frumboðskipti eru tjáskipti sem byggjast fyrst og fremst á líkamstjáningu á borð við: svipbrigði, tilfinningaviðbrögð, hreyfingu, látbragð og einnig einföld merki, tákn eða orð. Frumboðskipti hafa möguleika á að þróast og aukast á því stigi sem þau nú þegar eru, verða skírari, fjölbreyttari eða í fleiri aðstæðum með nýjum aðilum (Anna Soffía Óskarsdóttir, 2009; Hallahan, Kauffman og Pullen, 2014).

Fólk á einhverfurófi er margbreytilegur hópur og margir þeirra hafa sagt frá lífsreynslu sinni. Í meistaraþróun Jarþrúðar Þórhallsdóttur (2010), sem byggir á slíkum frásögum, er því lýst hvernig það er að vera einhverfur. Í rannsókninni lagði Jarþrúður áherslu á að öðlast þekkingu á því hvernig skynjun og skynúrvinnsla fólks á einhverfurófi hefur áhrif á daglegt líf þeirra. Þátttakendur lýstu allir óþægilegri eða óvenjulegri úrvinnslu heyrnar og sjónar og flestir þeirra lýstu óþægindum vegna snertingar. Einnig gat ákveðin lykt orðið svo yfirþyrmandi að ekkert annað komst að. Það er margt fleira í umhverfinu sem getur verið óþægilegt eða yfirþyrmandi t.d. litir, hreyfing, lykt, hljóð o.fl. Umhverfi og aðstæður geta birst þátttakendum á ólíkan hátt og í versta falli valdið þeim sársauka. Ætla má að fyrir einstaklinga með flóknari einhverfu sé það enn brýnna að gæta að skynáreitum í umhverfinu og að allar breytingar séu svo fyrirsjáanlegar sem verða má.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að brýnt sé að taka tillit til þessara þátta í kennsluáðstæðum: 1) Að ekki sé mikill hávaði í kennslurými s.s. umhverfishljóð eða að fólk sé að tala mikið saman. 2) Ekki sé mikil hreyfing á fólki í kring og því þarf að takmarka mjög fjölda í sama rými. 3) Að lýsing sé þægileg í kennslurýminu. 4) Ákveðin lykt getur einnig verið truflandi og eins önnur sjónræn áreiti úr umhverfinu s.s. litir.

Einhverft fólk hefur lýst einstökum menningarheimi sínum sem útskýrir óhefðbundna hegðun þeirra á margan hátt s.s. samspil þeirra við umhverfið í gegnum sérstaka og óvenjulega skynjun þeirra. Sem dæmi um það hefur einhverft fólk lýst því hvernig það spilar á mismunandi skynsvið með því að vera á sífelldri hreyfingu og í stöðugu sambandi við umhverfi sitt (Jarþrúður Þórhallsdóttir, 2014). Leiðbeinendur þurfa að afla sér upplýsinga um hvaða áreiti í umhverfinu geta virkað truflandi fyrir þátttakendur upp á það hvernig kennslunni skuli hagað. Einnig þurfa leiðbeinendur að þekkja tjáskiptaleiðir hvers og eins og hvernig best er að setja upp kennslustundina á auðskiljanlegan hátt.

### **Aeskileg vinnubrögð**

Samskipti og gott samstarf við aðstandendur, talsmenn og/eða starfsfólk á heimili þátttakenda er afar mikilvægur þáttur við undirbúning og í gegnum allan námstímann. Á Listnámsbraut er því mikil áhersla lögð á góðan undirbúning og samvinnu á milli leiðbeinenda og þátttakenda og lykilaðila í þeirra daglega lífi. Til þess að skapa meira öryggi þátttakenda í kennslustundum er mikilvægt að tímarnir byggji á skipulagi sem þátttakendur læra að þekkja.

Ýmsar kennsluaðferðir hafa verið þróaðar fyrir fólk með tjáskiptahömlun, sem myndu nýtast þátttakendum á Listnámsbraut. Það er t.d. Tákn með tali sem er málörvandi tjáskiptaaðferð en hún byggir á því að nota einföld tákn, látbragð, bendingar og svipbrigði til stuðnings töluðu máli. Kennsluaðferðir sem hafa verið þróaðar og henta fólk með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu nýtast einnig fleirum. Aðferðirnar eru bein kennsla – nálægð við þátttakendur, snertitákn og leiðbeiningar með snertingu. Megináhersla er lögð á að þátttakandinn stjórni ferðinni (Hallahan, Kauffman og Pullen, 2014). Mikilvægt er fyrir leiðbeinendur að gera sér grein fyrir nándar- snerti og þolinmæðiþröskuldum hvers og eins þátttakanda og að vera óhræddir við komast að því hvar mörkin liggja.

Aðferðir við kennslu einhverfs fólks hafa lengi verið byggðar á skilningi manna á þeirri stöðu sem fólk á einhverfurófi er í vegna sérstakrar upplifunar og viðbragða. Má þar nefna TEACCH, Treatment and Education for Autistic and Related Communication Handicapped Children, kennd við stofnun í Bandaríkjunum sem er þjónustu- og ráðgjafarmiðstöð fyrir börn með einhverfu og líkan tjáskiptavanda. Lögð er áhersla á að umhverfið hafi skilning á menningu einhverfs fólks út frá þeirra sérstöku skynjun og skynúrvinnslu (Jarprúður Þórhallsdóttir, 2014). Hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eru reglulega haldin námskeið um TEACCH hugmyndafræðina og skipulögð vinnubrögð. Skipulögð vinnubrögð ganga út á að útskýra, afmarka verkefni dagsins í tíma og rúmi og setja fram á þann hátt sem viðkomandi skilur (sjá [www.greining.is](http://www.greining.is)). Til eru leiðbeiningar um TEACCH fyrirkomulag til að útskýra og afmarka verkefni í tíma og rúmi. Einnig ráðleggingar um undirbúningsbréf og félagshæfnisögur sem eru nauðsynleg hjálpargögn fyrir einhverft fólk (sjá fylgiskjöl 1 og 2). Fjölmennt hefur einnig þróað ýmsar aðferðir sem hafa reynst vel og aðrar símenntunarmiðstöðvar hafa horft til. Í þeim er t.d. ráðlagt að leiðbeinendur afli sér upplýsinga, áður en kennsla hefst, og kynni sér þarfir og væntingar þátttakenda til námsins (sjá fylgiskjal 3).

## Kennslugreinar

Kennslugreinarnar eru fjórar: Leiklist, myndlist, textílmennt og tónlist. Þeim er skipt í 2 þrep í þeim tilgangi að kennslan mæti þörfum breiðari hóps. Samt sem áður er um einstaklingsmiðað nám að ræða sem miðar að virkni, þátttöku og valdeflingu í gegnum listsköpun. Að vinna að listsköpun og upplifa list eru helstu viðfangsefnin ásamt því að, eins og áður hefur komið fram, leggja áherslu á aðra þætti sem teljast mikilvægir í námi og kennslu fatlaðs fólks (Anna Soffía Óskarsdóttir, 2009).

Leiðbeinandi þarf að þekkja tjáskipti þátttakandans þannig að hann fái sem mest út úr hverri kennslustund fyrir sig. Kennsla fer fram í fámennum hóp þ.e. 2-3 manns á hvern leiðbeinanda og lagt er upp með að námið sé hvetjandi fyrir þátttakendur og ánægjuleg upplifun. Kennt verður í tvær klukkustundir, tvisvar í viku og stendur námið yfir í 2 annir. Sumir einhverfir þátttakendur gætu þurft að vera einir í tíma e.t.v. hentar þá að tímarnir séu styttri. Aðrir geta verið 2-3 saman og þá með leiðbeinanda og aðstoðarmanni.

## Áherslur

Finna þarf auðvelda leið til að þátttakendur geti haft áhrif á það sem gerist hér og nú. Lögð er áhersla á að auka sjálfstæði þátttakenda og skapa tækifæri til virkni, þátttöku og valdeflingar. Að þátttakandi hafi þá tilfinningu eftir hvern tíma að hann skipti máli, hafði eitthvað að segja um það sem gerðist og að það var hlustað á það sem hann hafði að segja.

**Sköpun** er verknám á forsendum þátttakenda sem gerir þeim kleift að þróa hæfileika sína, hverjum og einum, út frá eigin skynjun, upplifun og reynslu.

**Upplifun** þátttakenda snýst um að vera á einhvern hátt virkur gagnvart því sem gerist í umhverfinu, sýna hvort hann/hún vill eða vill ekki það sem í boði er, hafa áhrif á það sem gerist.

**Þátttaka** snýst einnig um að eiga samspil á eigin forsendum að vera manneskja sem skiptir máli í hópnum – að eiga hlutdeild í því sem hópurnir gerir. Einnig að þátttakendur hafi áhrif á það sem fram fer og stjórna hér og nú.

Námslýsingin, eins og hún birtist hér í næstu köflum, skal notuð til viðmiðunar. Þátttakendur og aðstæður þeirra eru mismunandi og því verða leiðbeinendur að vera sveigjanlegir og tilbúnir til þess að aðlaga námsefni og kennsluhætti eftir þörfum. Mikilvægt er að námið sé stutt með sérhæfðri ráðgjöf til dæmis frá starfsfólki ráðgjafardeildar Fjölmennar.

### **Gott er að hafa í huga almenn markmið í námi fólks með mikla þroska- og hreyfihömlun og/eða fólks á einhverfurófi.**

Námið snýst m.a. um:

- þau ferli sem verða innra með þátttakandanum; það sem styrkir jákvæðar hugmyndir hans um sjálfan sig, hugmyndir hans um samskipti og hvernig samspil við aðra fer fram.
- þá upplifun og tilfinningar sem tengjast viðfangsefni námsins hverju sinni.
- að efla tjáskipti eftir málkerfi hvers og eins. Það getur snúist um tilfinningaviðbrögð, einföld merki eða flókin hugtök sem varða viðfangsefnið.
- að stuðla að auknum félagslegum samskiptum, bæði innbyrðis í hópnum og við leiðbeinanda hópsins og auka þar með lífsgæði þátttakenda.
- að taka ákvörðun og styrkja merki um „já ég vil” – „nei ég vil ekki” og aðrar aðferðir sem þátttakandi notar í samskiptum við aðra.
- að styrkja notkun tákna og orða í tjáningu og efla almenna málnotkun.
- að styðja við virka þátttöku á forsendum hvers og eins.

(Anna Soffía Óskarsdóttir, án ártals).



|                            |  |  |   |
|----------------------------|--|--|---|
| <b>Móttaka þátttakenda</b> | Bjóða þeim að fara úr yfirhöfnum   | Fara yfir skipulag tímans                                      | Gæta að öryggi og vellíðan                        |
| <b>Kennslustundin</b>      | Hafa skýrt upphaf og endi. Hver kennslustund byrjar á ákveðinn hátt og endar á ákveðinn hátt | Skipta tímanum upp eftir viðfangsefnum                         | Hafa allt eins fyrirsjáanlegt og hugsast getur    |
| <b>Hjálpargögn</b>         | Tákn/myndir af verkþáttum. Texti fylgir ávallt með mynd                                      | Tímalína eða einföld talning til að afmarka einstaka verkþætti | Tímavaki svo þátttakendur viti hvenær er búinn    |
| <b>Kennslurýmið</b>        | Afmarka vinnurými eða starfsstöð eftir þörfum  | Gæta þess að þátttakendur komi sér vel fyrir og sitji þægilega | Gæta að öðrum umhverfis-þáttum / aðlaga umhverfið |

### Tafla – skipulag kennslustundar

Annar hjálparbúnaður/gögn t.d. statív, rofar fyrir myndavélar/snjalltæki, rofar við saumavélar og önnur raftæki.

### Leiklist

Að upplifa er skilyrði fyrir því að þroskast og upplifun er það sem nám í listum snýst um. Þannig verður námið ekki bara nám þekkingar, kunnáttu eða færni, heldur tæki okkar til sjálfsköpunar. Nám í listum snýst ekki bara um að halda sýningu á sýnilegri/heyranlegri afurð heldur er það aðferð til að forma tilveru okkar með því að víkka út skynjun, taka afstöðu til hluta, fá svör við spurningum, þjálfast í samskiptum við aðra og deila menningu (Eisner, 2002).

Með listum getur maður tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og öðlast skilning og reynslu sem ekki verður færð í orð. Við listsköpun opnast oft ný og óvænt sjónarhorn á hugmyndir og hluti, það losnar um hömlur og kímigáfa fær gjarnan notið sín í óvenjulegum og ögrandi verkefnum. Við slíkar aðstæður tengjast þátttakendur innbyrðis á annan hátt en í öðrum greinum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013a).

Listir í sinni fjölbreyttustu mynd í fortíð og nútíð fást við hugtök, hugmyndir og hluti sem tengjast manneskjunni og nánasta umhverfi hennar. Þær hreyfa við okkur á margvíslegan hátt, næra ímyndunaraflið og efla fegurðarskyn. Í leiklist fá þátttakendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi skólastofunnar. Hún styður þátttakandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Í listforminu er hið óyrta ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs. Leiklist er einnig í eðli sínu samþætt listform þar sem allar listirnar koma saman. Leiklist er list augnabliksins (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013b).

Þessi námskrá hentar vel þeim sem hafa litla hreyfifærni. Unnið er út frá skynfærunum sjón, heyrn og snertingu og þeirri hreyfifærni sem hver og einn þátttakandi hefur. Hver og einn tekur þátt á sínum forsendum. Mikilvægt er að átta sig á hvernig þátttakendur skynja sem best umhverfi sitt. Hafa þarf í huga að fólk sem hefur mikla hreyfihömlun getur líka verið einhverft og taka þarf tillit til þess í aðlögun

umhverfis til að skapa öryggi og vellíðan, þótt þeir hafi ekki einhverfu sem hluta af fötlunargreiningu (sjá nánar um markmið og skipulag kennslustundar, bls. 15 og 16).

**Kennsluaðstæður:** Rúmgóð stofa, nokkuð vel hljóðeinangruð þar sem hægt er að útiloka birtu þegar notaður er skjávarpi við kennslu.

**Fylgihlutir:** Gott væri að hafa ýmiskonar slæður bæði stórar og litlar og höfuðföt svo sem hatta og húfur. Einnig væri gott að hafa einhverskonar safn af óhefðbundnum hljóðfærum/gjöfum, grímur og strengjabrúður/handbrúður ljóskastara og skuggatjald. Tölvu, litaprentara, tölvuhátalara og skjávarpa. Myndavél/upptökuvél, snjalltæki og hljóðnema. Hljómflutningstæki. Boltar og blöðrur. Speglar (litlir).

**Uppbygging tímanna:** 45 kennslustundir, í hvert skipti eru tvær kennslustundir kenndar þ.a.s. 2x40 mínútur= 80 mínútur. Í byrjun hvers tíma er farið yfir vinnuþátt og viðfangefni hans, ef haldið er áfram með viðfangsefni seinasta tíma er upprifjun. Að því loknu er haldið mjúklega af stað inn í upphitunaræfingar sem eru lykillinn að því að hver og einn þátttakandi geti opnað sig tilfinningalega og tengst leiðbeinanda/þátttakendum. Mikilvægt er að hann upplifi sig öruggan og að honum líði vel.

Allir tímar byrja á svipuðum nótum, gerðar eru öndunaræfingar síðan er líkamleg upphitun og raddæfingar. Í kjölfarið eru æfingar sem þjálfá óheft viðbragð (að bregðast við án þess að skipuleggja eða ákveða hvað gert verður) og sköpun. Í kjölfar þessa er farið í viðfang hvers tíma/tímabils. Viðmið hefur verið sett í tímafjölda hvers viðfangsefnis því gert er ráð fyrir svigrúmi til að bregðast við því sem gerist í tímum, eða ekki, og haga fjölda tíma samkvæmt því.

**Lærdómsferlið:** Ferlið hefst með því að þátttakendur eru vaktir til skynjunar á tjáningarleiðum líkama og raddar. Í kjölfarið er unnið úr gefnum tilfinningum og hvernig mismunandi þættir hafa áhrif eins og rými og náttúruöfl. Að því loknu eru mismunandi dýrategundir skoðaðar og loks litið til mismunandi aðferða sviðslista svo sem grímuleik, brúðu og skuggaleikhúss. Í lokin er unnið með efnivið sem þátttakendur leggja sjálfir til, með það að markmiði að dýpka og víkka skynjun og tjáningu á efninu og færa það í form sviðslista.

**Markmið:** Almenn markmið með menntun í leiklist og sviðslistum er að þátttakendur nái að þróa aðgang að tilfinningu og tjáningu og túlka þær út frá gefnum ramma og aðstæðum. Forsenda námsins er að þátttakendur nái slökun, trausti sín á milli og milli leiðbeinanda, þaðan eykst möguleiki á skynjun og upplifun og í kjölfarið tjáningu. Hversu langt maður fer í þessu ferli fer algerlega eftir manneskjunni og hæfni hennar. Markmið námsins er einnig að kynna fyrir þátttakendum mismunandi aðferðir í sviðslistum svo sem hefðbundnu leikhúsi, brúðu-, grímu- og skuggaleikhúsi.

Markmiðið er að þátttakendur kynnist nýjum hlutum, prófi sjálfir og læri að nota (með aðstoð eða að eigin frumkvæði).

**Undirbúningur og námsmat:** Undirbúningur fyrir þrep 1 og þrep 2 liggur í því að leiðbeinandi kynni sér færni og reynslu þátttakanda varðandi viðfangefnið og þarfir fyrir aðstoð og stuðning og sérstaka aðlögun umhverfis. Setja þarf markmið fyrir þá þætti sem stefnt er að því að ná. Eftir hvern tíma er gott að skrásetja framgöngu þátttakanda og í lokin bera saman við upphafleg markmið og útbúa námsmat út frá heildarferlinu.

Líklegt er að útbúa þurfi mikið af stuðningsgögnum til þess að þátttakendur geti nálgast viðfangsefni hvers tíma af öryggi. Þeir viti hvað á að fara að gera, hvað gerist svo og hvernig endar það (sbr. markmið og skipulag kennslustundar, bls. 15 og 16). Hluti af námskránni í leiklist er að vinna með mismunandi tilfinningar og svipbrigði. Einhverft fólk á oft í erfiðleikum með að túlka svipbrigði. Sá hluti gæti því orðið flókinn því sumir eru sérstaklega viðkvæmir fyrir kröfum sem lúta að því að horfa í andlit annarra. Aftur á móti getur það verið mjög gefandi þegar óvæntur árangur næst. Einnig skal gera allt mjög fyrirsjáanlegt fyrir þátttakendur á einhverfurófi sem snýr að förðunarhlutanum og leiðbeinandi þarf alltaf að vera viðbúinn því að þátttakandi vilji stoppa og jafnvel hætta við.

## Prep I

| Viðfangsefni og markmið   | Fjöldi tíma | Verkefni og virkniþættir  |
|---|-------------|---|
| <p>Kynning á þátttakendum, leiðbeinanda og efni námskeiðs.</p> <p><b>Að vekja og kynnast líkama og rödd sem tjáningar tæki.</b></p> <p>Líkaminn vakinn og hreyfinguleikar kannaðir.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Markmið: Að þátttakendur kanni hreyfinguleika innan þeirra marka sem líkaminn leyfir þeim og uppgötvu eitthvað nýtt sem gæti leitt til sköpunar. Að þátttakendur kanni mismunandi leiðir til að mynda hljóð með rödd sinni, sem gæti leitt til sköpunar.</p> | 4           | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Hreyfi- og teygjuæfingar:</p> <p>Dæmi: Spegilæfingin, Culumbian hypnosis (Boal, 2002) snertiæfingar og fleiri.</p> <p>Raddæfingar:</p> <p>Málað með rödd. Veikt hljóð/sterkt hljóð. Snögg hljóð/mjúkt hljóð. Upplagt að nota hljóðnema og upptökutæki og gera tilraunir.</p> |
| <p><b>Að vinna með líkama, rödd og rými.</b></p> <p>Með vinnu fyrri tíma í farteskinu er farið að skoða líkama og rödd út frá rými. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur upplifi eiginleika mismunandi rýma út frá líkama og rödd.</p>   | 2           | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Rými kennslustofunnar kannað og ný rými útbúin með skilrúmum, stólum, borðum og/eða risasilki. Hvaða eiginleikar eru í hverju rými fyrir sig? Undir stóru silki, inni í ferköntuðu rými. Hvaða tilfinningar kvikna og hvers konar hreyfingu/hljóð framkallar rýmið?</p>      |
| <p><b>Dýr, hreyfingar og hljóð.</b></p> <p>Hreyfingunstur, hljóð og orku hrynjandi mismunandi dýra skoðuð. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sé gert kleift að taka</p>   | 4           | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Gerðar verða líkamsæfingar sem leiða inn í að skoða hreyfingunstur og orkuhrynjanda ólíkra</p>   |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|  |          |   |
|--|----------|---|
| <p>virkan þátt í æfingum og tilraunum og leggi eitthvað til frá eigin brjósti.</p>   |          | <p>dýra s.s. fiska, fugla, fíla og kattardýra. Að sama skapi verður hlustað og líkt eftir hljóðum þeirra, ef einhver eru. Munu þátttakendur geta valið af spjöldum þau dýr sem eru viðfangsefni tímanna.</p>  |
| <p><b>Frumöfl.</b></p> <p>Að skoða frumöflin út frá líkama, hljóði og tilfinningu.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sýni áhuga og virkni í tíma. Að þátttakendur gefi til kynna með því að velja spjald/spjöld hvaða frumöfl höfða mest til þeirra.</p>  | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Í gegnum fjölbreyttar æfingar er eðli vatns, lofts og elds kannað með líkama og rödd.</p>  |
| <p><b>Tilfinningar og tjáning.</b></p> <p>Að vinna með svipbrigði, rödd og hreyfingar út frá tilfinningum s.s. Glaður, reiður, undrandi, hræddur og leiður. Þegar búið er að greina tilfinningarnar geta þátttakendur valið spjald með einni tilfinningu sem þeir vinna með.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Markmið: Að þátttakendur kynnist svipbrigðum, raddbeitingu og líkamsmáli tiltekinna tilfinninga og geti greint þar á milli. Að þátttakendur geti valið sér tilfinningu til að vinna með.</p> | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Skoða andlitsmyndir sem tjá tilfinningarnar, greina hvaða mynd sýnir hvaða tilfinningu. Tjá tilfinninguna með sínu móti/herma. Skoða myndir/myndskeið sem tjá í líkamsmáli gefna tilfinningu. Tjá tilfinninguna með hreyfingu með sínu móti/herma. Hlusta og kanna hljóð sem fylgja hverri tilfinningu (skrá með hljóðupptökutæki eða myndavél/snjalltæki).</p> <p>Hægt væri að útbúa slæðu sýningu eða lifandi myndskeið til að vinna með eða skoða tilfinningar.</p> |
| <p><b>Grímur.</b></p> <p>Leikhúsgrímur og notkun þeirra. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sýni virkni í tíma og</p>   | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Að kynna þátttakendur fyrir mismunandi leikhúsgrímum sem leiðbeinandi kemur með og/eða sýnir myndband sem fjallar um hvernig þær eru notaðar og hvernig þær virka í</p>  |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|  |          |  |
|--|----------|--|
| <p>gefi til kynna hvaða gríma höfði mest til þeirra.</p>   |          | <p>leikhúsinu. Þátttakendur prófa grímurnar, skoða mismunandi svipbrigði grímanna út frá þeirri vinnu sem átt hefur sér stað með tilfinningar og svipbrigði. Velji sér uppáhalds grímu.</p>  |
| <p><b>Strengjabrúður.</b><br/>Að stjórna strengjabrúðu.<br/>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sýni áhuga og virkni og gefi til kynna hvaða brúðu þeim finnst áhugaverðust.</p> | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.<br/>Skoða mismunandi tjáningarleiðir með strengjabrúður, hvernig þær virka og hvernig þeim er stjórnað. Brúðurnar skoðaðar út frá þeim tilfinningum sem unnið hefur verið með í fyrri tímum. Velji sér uppáhalds strengjabrúðu.</p>  |
| <p><b>Handarbrúður.</b><br/>Að stjórna handarbrúðu.<br/>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sýni áhuga og virkni og prófi að stjórna handarbúðu.</p>                             | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.<br/>Skoða mismunandi tjáningarleiðir með handarbrúður, hvernig þær virka og hvernig þeim er stjórnað. Brúðurnar skoðaðar út frá þeim tilfinningum sem unnið hefur verið með í fyrri tímum. Velji sér uppáhalds handarbrúðu.</p>  |
| <p><b>Skuggaleikhús.</b><br/>Hvernig það er framkvæmt.<br/>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að prófa að gera skugga sem síðan verður myndaður og þátttakendur fá að sjá.</p>                  | <p>6</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.<br/>Í byrjun tímans eru skoðuð myndskreið af skuggaleikhúsum. Í framhaldi er frumstæðu skuggaleikhúsi komið upp, leiðbeinandi sýnir og þátttakendur fá að spreyta sig. Tekið er upp myndband (t.d. á snjalltæki) það sem verður til í tímunum og þátttakendur horfa síðan á upptökurnar.</p> |

|   |          |   |
|---|----------|---|
| <p><b>Leikhús.</b></p> <p>Að fá innsýn inn í heim leikhússins. Áhugi/virkni/frumkvæði. Áhugi á efni.</p>  | <p>2</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Leikhús skoðað. Horft verður á upptöku á leiksýningu eða á nokkur myndskaið frá mismunandi leiksýningum.</p>                       |
| <p><b>Förðun.</b></p> <p>Leikhúsförðun hefðbundin og óhefðbundin. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að velja sér förðun af spjaldi og láta farða sig.</p>   | <p>2</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Að horfa á hvernig hægt er að breyta útliti fólks með leikhúsförðun. Þjóða þátttakendum að velja sér gervi og fá förðun.</p>       |
| <p><b>Lokaverkefni.</b></p> <p>Unnið út frá áhugasviði hvers og eins. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur taki þátt í að túlka eða upplifa áhugamál út frá þeim tjáningarformum sem skoðuð hafa verið í fyrri tímum. Námsmat í síðasta tímanum.</p> | <p>5</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Í gegnum tjáningarform sem lærd/skoðuð hafa verið í fyrri tímum er áhugasvið þátttakenda notað sem efniviður tímanna. Námsmat.</p> |



## Þrep 2

| Viðfangsefni og markmið   | Fjöldi tíma | Verkefni og virknipættir   |
|---|-------------|--|
| <p>Kynning á þátttakendum, leiðbeinanda og efni námskeiðs.</p> <p><b>Að vekja og kynnast líkama og rödd sem tjáningar tæki.</b></p> <p>Líkaminn vakinn og hreyfinguleikar hvers og eins kannaðir.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Markmið: Að þátttakendur kanni hreyfinguleika innan þeirra marka sem líkaminn leyfir þeim og uppgötvum eitthvað nýtt sem gæti leitt til sköpunar. Að þátttakendur kanni mismunandi leiðir til að mynda hljóð með rödd sinni, sem gæti leitt til sköpunar. Að þátttakendur búi til þrjár stytturnar með mismunandi stellingum og að þeir búi til þrjú mismunandi hljóð sem passar við stytturnar.</p> | 2           | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Hreyfi- og teygjuæfingar:</p> <p>Dæmi: Spegilæfingin, Culumbian hypnosis (Boal, 2002) snertiafingar og stytturnar.</p> <p>Raddæfingar: Málað með rödd. Veikt hljóð/sterkt hljóð. Snögg hljóð/mjúkt hljóð. Hljóðhringur, hreyfigjörningur með mismunandi stellingum og hljóðum.</p> <p>Þrjár stellingar á mann, þrjú hljóð á mann, nota má lágstemmda tónlist í bakgrunn í gjörningum. Þátttakendur taka jafnvel sjálfir upp það sem gerist í tímanum (t.d. með snjalltæki).</p> |
| <p><b>Að vinna með líkama, rödd og rými.</b></p> <p>Með vinnu fyrri tíma í farteskinu er farið að skoða líkama og rödd út frá rými.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur upplifi eiginleika mismunandi rýma út frá líkama og rödd.</p>  | 4           | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Rými kennslustofunnar kannað og ný rými útbúin með skilrúmum, stólum, borðum og/eða risasilki. Hvaða eiginleikar eru í hverju rými fyrir sig? Undir stóru silki, inni í ferköntuðu rými.</p> <p>Hvaða tilfinningar kvikna og hvers konar hreyfingu/hljóð framkallar rýmið?</p> <p>Kanna möguleika á því að farið sé út og rými í nágrenni könnuð.</p>   |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|  |          |   |
|--|----------|---|
| <p>Að þátttakendur kanni tilfinningar út frá mismunandi rýmum og greini þær.</p>   |          |   |
| <p><b>Dýr, hreyfingar og hljóð.</b></p> <p>Hreyfimunstur, hljóð og orku hrynjandi mismunandi dýra skoðuð.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur taki þátt í æfingum og tilraunum tímans og leggi eitthvað til frá eigin brjósti.</p>  | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Gerðar verða líkamsæfingar sem leiða inn í að skoða hreyfimyndir og orkuhrynjanda ólíkra dýra s.s. fiska, fugla, fíla og kattardýra.</p> <p>Að sama skapi verður hlustað og líkt eftir hljóðum þeirra, ef einhver eru. Dýraspuni þar sem þátttakendur líkja eftir dýrum sem lenda í ýmsum aðstæðum.</p>  |
| <p><b>Frumöfl.</b></p> <p>Að skoða frumöflin út frá líkama, hljóði og tilfinningu.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sýni áhuga, virkni og frumkvæði í tíma.</p>  | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Í gegnum fjölbreyttar æfingar er eðli vatns, lofts og elds kannað með líkama og rödd.</p>  |
| <p><b>Tilfinningar og tjáning.</b></p> <p>Að vinna með svipbrigði, rödd og hreyfingar út frá tilfinningum s.s. Glaður, reiður, undrandi, hræddur og leiður. Leiðbeinandi eða þátttakendur velja þær tilfinningar sem sem unnið verður með.</p> <p>Áhugi/virkni/frumkvæði. Markmið: Að þátttakendur kynnist svipbrigðum, raddbeitingu og líkamsmáli tiltekinna tilfinninga og geti greint þar á milli. Að</p> | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Skoða andlitsmyndir sem tjá tilfinningarnar, greina hvaða mynd sýnir hvaða tilfinningu. Tjá tilfinninguna með sínu móti/herma. Skoða myndir/myndskeið sem tjá í líkamsmáli gefna tilfinningu. Tjá tilfinninguna með hreyfingu með sínu móti/herma.</p> <p>Hlusta og kanna hljóð sem fylgja hverri tilfinningu (skrá með hljóðupptökutæki eða</p> |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|   |          |  |
|---|----------|--|
| <p>Þátttakendur geti valið sér tilfinningu til að vinna með. Einnig að þeir vinni með þrjár tilfinningar, túlki þær með líkama, andliti og rödd og að þeir taki þátt í spuna.</p>                             |          | <p>myndavél/snjalltæki). Spinna senur þar sem tiltekin tilfinning er leikin.</p>   |
| <p><b>Grímur.</b><br/>Leikhúsgrímur og notkun þeirra. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sýni virkni í tíma og taki þátt í einföldum leikþætti þar sem grímur eru notaðar.</p>                           | <p>6</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.<br/>Að kynna þátttakendur fyrir mismunandi leikhúsgrímum sem leiðbeinandi kemur með og/eða sýnir myndband um hvernig þær eru notaðar og hvernig þær virka.<br/>Þátttakendur prófa grímurnar, skoða mismunandi svipbrigði grímanna út frá þeirri vinnu sem átt hefur sér stað með tilfinningar, svipbrigði og rödd. Þátttakendur vinna að leikþætti þar sem notaðar eru grímur.</p> |
| <p><b>Strengjabrúður.</b><br/>Að stjórna strengjabrúðu. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur sýni áhuga og virkni ásamt því að prófa að stjórna strengjabrúðu.</p>   | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.<br/>Skoða mismunandi tjáningarleiðir með strengjabrúður, hvernig þær virka og hvernig þeim er stjórnað. Brúðurnar skoðaðar út frá þeim tilfinningum sem unnið hefur verið með í fyrri tímum.</p>   |
| <p><b>Handarbrúður.</b><br/>Að stjórna handarbrúðu. Áhugi/virkni/frumkvæði.<br/>Að þátttakendur sýni áhuga og virkni, prófi að stjórna handarbrúðu ásamt því að taka þátt í litlum leikþætti með brúðuna.</p> | <p>4</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.<br/>Skoða mismunandi tjáningarleiðir með handarbrúður, hvernig þær virka og hvernig þeim er stjórnað. Brúðurnar skoðaðar út frá þeim tilfinningum sem unnið hefur verið með í fyrri tímum. Þátttakendur prófi að stjórna handarbrúðu í litlum leikþætti.</p>   |

|  |          |  |
|--|----------|--|
| <p><b>Skuggaleikhús.</b></p> <p>Hvernig það er framkvæmt.<br/>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að prófa að gera skugga sem síðan verður myndaður og þátttakendur fá að sjá.</p>   | <p>6</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Í byrjun tímans eru skoðuð myndskreið af skuggaleikhúsum. Í framhaldi er frumstæðu skuggaleikhúsi komið upp, leiðbeinandi sýnir og þátttakendur fá að spreyta sig. Tekið er upp myndband (t.d. á snjalltæki) þar sem einfaldur leikþáttur, leikinn í skuggaleikhúsi, verður til og þátttakendur horfa svo á upptökur.</p> |
| <p><b>Förðun.</b></p> <p>Leikhúsförðun hefðbundin og óhefðbundin.<br/>Áhugi/virkni/frumkvæði. Að velja sér förðun af spjaldi og láta farða sig.</p>  | <p>2</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Að horfa á hvernig hægt er að breyta útliti fólks með leikhúsförðun. Þjóða þátttakendum að velja sér gervi og fá förðun.</p>  |
| <p><b>Lokaverkefni.</b></p> <p>Unnið út frá áhugasviði hvers og eins. Áhugi/virkni/frumkvæði. Að þátttakendur gaumgæfi og skoði áhugasvið sitt og finni leið til að tjá það sem aðferðum sem prófaðar hafa verið í fyrri tímum. Námsmat í síðasta tímanum.</p> | <p>5</p> | <p>Kynnast, hlusta, herma, tjá/skapa.</p> <p>Í gegnum tjáningarform sem lærd/skoðuð hafa verið í fyrri tímum er áhugasvið þátttakenda notað sem efniviður tímanna. Námsmat.</p>  |

**Fyrirkomulag námsmats:** Námsmat er fyrst og fremst fyrir þátttakandann sjálfan. Mikilvægur hluti af því getur verið að miðla til aðstandanda/talsmanns því sem að þátttakandi sem lítið tjáir sig í orðum gerði á námskeiðinu. Verkin sjálf segja meira en orð en áhugvert getur verið að sýna myndir/myndbrot úr kennslustund eða vinnuferli við t.d. persónulegt listaverk vilji þátttakandi það sjálfur (Anna Soffía Óskarsdóttir, án ártals).

Hér er listi yfir kveikjur og efni tengt leiklist til að skoða ásamt öðru sem leiðbeinandi finnur sjálfur:

Ath. að youtube slóðir sem bent er á eru sóttar á haustmánuðum 2014 og gætu horfið af netinu fyrirvaralaust en fyrir framan þær má sjá heiti þeirra þannig að leita má þá eftir þeim.

### Dansleikhús:

#### Nederlands Dans Theater – Left Right Left Right og fleiri sýningar

[https://www.youtube.com/watch?v=4\\_lw8Xlvk](https://www.youtube.com/watch?v=4_lw8Xlvk),

<https://www.youtube.com/watch?v=eqmP1LTs1HQ>

[https://www.youtube.com/watch?v=iaXycwN9\\_aQ](https://www.youtube.com/watch?v=iaXycwN9_aQ)

### Líkami:

#### STREET LIFE: WILLI DORNER'S „BODIES IN URBAN SPACES“ PHYSICAL GRAFFITI PROJECT

<http://www.supertouchart.com/.../street-life-willi-dorners-bodies-in-urban-spaces-physical-graffiti-project/>

### Róandi stemning:

**Tibetan Healing Sounds** [https://www.youtube.com/watch?v=iaXycwN9\\_aQ](https://www.youtube.com/watch?v=iaXycwN9_aQ)

### Dýr:

[http://video.nationalgeographic.com/video/lizard\\_fripped\\_ontherun](http://video.nationalgeographic.com/video/lizard_fripped_ontherun)

<http://topdocumentaryfilms.com/category/nature-wildlife/>

### Frumöfl

Eldur: **Dance of Fire – music James Asher**

<https://www.youtube.com/watch?v=6wcqwx9xjc>

**Best 4 hours fireplace HD video, romantic relax fire with natural sounds**

<https://www.youtube.com/watch?v=M53rgEXc1zw>

Vatn: **4 Hours Ocean Waves Sea Waves Stunning Sound – Paradise At Last! Relaxation!**

[https://www.youtube.com/watch?v=dsDTJ\\_jioo](https://www.youtube.com/watch?v=dsDTJ_jioo)

**10 hours Rain and Thunder Healing Ambient Sounds for Deep Sleeping Meditation Relaxation Spa**

<https://www.youtube.com/watch?v=Sv0LwXYAVVg>

**Very Relaxing 3 Hour Video of Ocean Waves**

<https://www.youtube.com/watch?v=jKCcyFB5LmPo>

Vindur: **Wind Sounds – Full 60 Minute Soundscape**

<https://www.youtube.com/watch?v=113BMnYOaeM&list=RD113BMnYOaeM#t=9>

**Grímur:**

**Mummenschanz on the Muppet Show (1976) 4 of 5**

<https://www.youtube.com/watch?v=xe95sn0cN3k>

**Trestle Masks – Putting on a Mask**

<https://www.youtube.com/watch?v=CFXqsU7Ybjs>

**Strengjabrúður:**

**„We Are All Connected“**

<https://www.youtube.com/watch?v=x-CcxXP-B20>

<https://www.youtube.com/watch?v=IV4ZnoYhwgq>

**Handarbrúður:**

**Brilliant and Moving Puppet Theatre**

<https://www.youtube.com/watch?v=3vm20L0NVHg>

**Laura Kibel – Father & Son**

[https://www.youtube.com/watch?v=DF\\_2pOjHtUs](https://www.youtube.com/watch?v=DF_2pOjHtUs)

**Laura Kibel – The Duel**

<https://www.youtube.com/watch?v=6xf02lQ9KAq>

**Baby Einstein Puppet Show Anthology**

**Vol.1**

<https://www.youtube.com/watch?v=rdqx0yfwY5E>

**Skuggaleikhús:**

**Pilobolus - Shadowland**

<https://www.youtube.com/watch?v=Ned6eeCGI4A>

**The Legend of Urashima Taro**

[https://www.youtube.com/watch?v=VR6\\_m\\_qXbKg](https://www.youtube.com/watch?v=VR6_m_qXbKg)

**ATTRACTION (SHADOW THEATRE GROUP) ON BRITAIN'S GOT TALENT 2013**

<https://www.youtube.com/watch?v=UvvkJrKKYF8>

**Leikhús:**

Gói og baunagrasíð, staðfasti tindátinn (upptökur frá sýningu í Borgarleikhúsinu / DVD)

<http://www.imagetheatre.cz/en/>

Draumurinn upptaka af sýningu á lokaverkefni í Listaháskólanum. Höfundur/leikstjóri: Ása Hlín Svavarsdóttir.

**Förðun:**

**How to do an old age makeup**

<https://www.youtube.com/watch?v=Wq9UdaR5Cic>

<https://www.youtube.com/watch?v=GaygHzXvIW0>

[https://www.youtube.com/watch?v=NAwM5r\\_A6R8](https://www.youtube.com/watch?v=NAwM5r_A6R8)

Kabúkí list: <https://www.youtube.com/watch?v=Wjn6hrJOcuY>



## Myndlist

Nám og kennsla í myndlist og upplifun fyrir fólk með mikla þroska- og hreyfihömlun og/eða einhverft fólk. Meginmarkmið námsins er að njóta þess að skapa og upplifa liti, efni, áferð og form með mismunandi aðferðum myndlistar.

Þessi námskrá hentar vel þeim sem hafa litla hreyfifærni. Námskráin skiptist í tvö þrep. Í þrepi 1 er unnið út frá skynfærunum sjón, heyrn, snertingu og lykt og þeirri hreyfifærni sem hver og einn þátttakandi hefur. Hver og einn tekur þátt á sínum forsendum. Mikilvægt er að átta sig á hvernig þátttakendur skynja sem best umhverfi sitt. Hafa þarf í huga að þeir sem hafa mikla hreyfihömlun geta líka verið einhverfir og taka þarf tillit til þess í aðlögun umhverfis til að skapa öryggi og vellíðan, þótt þeir hafi ekki einhverfu sem hluta af fötlunargreiningu (sjá nánar um markmið og skipulag kennslustundar, bls. 15 og 16).

Sumum hentar frekar að upplifa myndlist á meðan að aðrir geta skapað sjálfir. Hægt er að blanda þessum þáttum saman í kennslustund til að auka líkur á að skynjunin og viðfangsefnin nái til þátttakenda. Upplifun getur verið að fylgjast með litablöndun t.d. í vatni, horfa á valin kennslumyndbönd af viðfangsefni tímanna eða myndir af listaverkum með skjávarpa á stjóru tjaldi. Snerta, skoða og skynja ólík form, áferð, liti og efni. Snjalltæki búa yfir miklum möguleikum á upplifun á litum og formum. Í þrepi 2 er lögð meiri áhersla á verklega færni þátttakenda. Almennt er unnið að því að finna út með hverjum og einum hvar áhugi hans liggur og kynna fyrir honum nýjungar. Á sama tíma er farið í grunnþætti myndlistar og smám saman verða fundnar leiðir sem henta viðkomandi við listsköpun og upplifun.

Lokamarkmið námsins er að útbúa persónulegt listaverk út frá skynjun þátttakandans sem miðar að því að hann njóti verksins. Dæmi: Sá sem hefur litla sjón getur búið til þreifilistaverk þar sem efni og áferð leika aðalhlutverk og þátttakandi getur þreifað á listaverkinu. Ef þátttakandi sýnir merki um að vilja dvelja við einhvern tiltekinn þátt myndlistar þá hefur hann tækifæri til þess. Á sama hátt er mikilvægt að taka eftir því ef honum líkar efni eða aðferð illa. Skipting kennslutíma er viðmið. Leiðbeinandi metur hvaða aðferð hentar til að þátttakendur fái sem mest út úr

kennslustundinni og hvaða leið hentar hópnum hverju sinni. Leiðbeinandi hefur frelsi til að breyta áherslum viðfangsefna ef það hentar betur fyrir þátttakendur. Hann þarf að vera sveigjanlegur og að vera viðbúinn því að aðlaga kennsluna að aðstæðum eins og þær eru, vera opinn fyrir nýjum leiðum, jafnvel í hverjum tíma. Mikið hagræði getur verið fyrir leiðbeinendur að vita hvaða bakgrunn þátttakandi hefur í myndlist og áhugamál hans. Hver og einn er á sínum forsendum í náminu og því er óvíst hvort skipting kennsluþátta og tímaskipulag henti öllum þátttakendum.

Í nútímasamfélagi er leikur einn að leita uppi fjölbreytt og gagnlegt efni sem tengist myndlist á netinu. Það er hægt að skoða, læra og upplifa tækni, aðferðir, liti, form og fylgjast með listamanni að störfum. Þessir möguleikar koma ekki í staðinn fyrir verklega kennslu í myndlist en ýta undir upplifun, skilning og nýttast vel í fræðslu. Allt þetta kemur sérstaklega að gagni í myndlistarkennslu fyrir markhópinn. Í þrepi 1 er gert ráð fyrir að þátttakendur skynji og upplifi liti, form og áferð. Það er gert með því að sýna liti og litablöndun á pappír, litablöndun í vatni eða með því að horfa saman á myndskleið. Hægt er að skynja form með því að þreifa á mismunandi þrívíðum formum með ólíkri áferð og horfa á myndir af formum á stórum skjá svo dæmi séu tekin. Skynjunin felst í því að skoða, snerta og upplifa liti, form og áferð. Hafa ber í huga að sumt einhverft fólk er viðkvæmt fyrir snertingu og því hentar ekki öllum að koma við hluti. Myndlistarkennsla skiptist í eftirfarandi kennsluþætti sem útfærðir eru á þrepi 1 og þrepi 2.

### **Kennsluþættir fyrir þrep 1 og 2**

**Frumformin:** Frumformin skoðuð, teiknuð og upplifuð með því að þreifa á og skynja formin. Kennsluefni sem hentar til að upplifa formin sjónrænt sýnt með skjávarpa á tjald.

**Lífræn form:** Lífræn form skoðuð, teiknuð og upplifuð með því að þreifa á og skynja t.d. steina, plöntur og kuðunga – lögun þeirra og áferð.

**Teikning:** Línuteikning. Bein lína/brotin lína og allt þar á milli. Línur upplifaðar t.d línur í umhverfinu. Búna til upphleyptar línur úr ýmsu efni með mismunandi áferð til að þreifa á og skynja. Efni fundið sem hentar til að upplifa línur og línuteikningar sjónrænt og sýnt með skjávarpa á tjald.

**Málun:** Grátónaskalinn. Frumlitirnir þrír. Heitir litir. Kaldir litir. Litablöndun. Ljós og skuggi (dökkir tónar, bjartir tónar). Málað með fingrum, penslum, svömpum. Stórum pensli eða rúllu. Finna þarf út hvort og hvernig hver og einn getur tekið þátt í að mála.

**Upplifunarpáttur:** Horft á valin kennslumyndbönd um viðfangsefni tímans sem er varpað upp á skjá. Litir og litablöndun upplifuð á stóru tjaldi og með því að blanda litum í vatn og fylgst með þeim blandast saman. Dæmi: Stór glerkrukka fyllt af vatni. Rauðum fljótandi vatnslit hellt út í og svo bláum. Upplifunin felst í því að fylgjast með þessum tveimur frumlitum blandast saman í vatninu þar til þeir breytast í fjólubláan lit (Fjölmennt, 2011). Ljósgjafar eins og perur í lit, litljóskastarar og glærur í lit koma að gagni við upplifun á litum. Hér reynir á hugmyndaflug leiðbeinandans við efnisöflun og útfærslu á upplifun á litum.

**Mótun:** Unnið með pappamassa, leir, gifs, vír og fleira. Fundið út með hverjum og einum hvaða efni höfðar til þátttakenda. Unnið með skynjun, form og áferð. Hver og einn velur sér sitt efni, sína áferð og sitt form og svo er unnið út frá því.

**Upplifunarpáttur:** Snerting og skynjun efnis. Efni fundið á netinu sem hentar til að upplifa mótun sjónrænt og sýnt með skjávarpa á tjald.

**Innsetning í rými:** Ljósgjafar með litum, skuggamyndir, skjávarpi og ýmsir hlutir. Áhersla lögð á upplifun í rými og að hver og einn verði þátttakandi í eins konar leiksýningu.

**Persónuleg listsköpun:** Í lok námsins ætti að vera ljóst hvar áhugi hvers og eins liggur og þá velur þátttakandi sér aðferð til að útbúa persónulegt listaverk til að njóta, upplifa og skynja sem best.

### Námsgögn og verkfæri

**Málun:** Akryllitir, vatnslitir, blek, fljótandi vatnslitur, málning með mismunandi áferð, fingramálning. Íblöndunarefni sem gefa ólíka áferð.

**Teikning:** Teikniblýantar með mismunandi hörku. Pastellitir. Trélitir. Tússlitir. Vatnsuppleysanlegir trélitir.

**Mótun:** Leir. Gifs. Vír.

### **Annað:**

- Skæri og lím.
- Pappír með mismunandi áferð og lit. Silkipappír. Tímarit, dagblöð.
- Borðtrönur, gólftrönur. Penslar af mismunandi stærðum og gerðum – sumir með löngu skafti sem henta til að mála á gólfi. Svampar, rúllur, burstar.
- Allskyns efni og efnisbútar og afgangar fyrir skúlptúrgerð.
- Garn og þræðir í ýmsum útgáfum og litum.
- Föndurperlur og tréperlur. Föndurlím og límbysa.
- Glimmer, grófkorna salt.

### **Aðgangur að vaski er nauðsynlegur.**

Skjávarpí, tölva og nettenging. Stafræn ljósmyndavél. Litaprentari. Hjálparbúnaður fyrir myndavélar. Snjalltæki.

**Fyrirkomulag kennslustundar:** Hver tími byrjar á ákveðinn hátt og endar á ákveðinn hátt. Það er gert til að skapa ramma utan um kennslustundina og skapa hefð sem þátttakendur læra að þekkja. Leiðbeinandi finnur út hvað hann vill nota sem umgjörð utan um kennslustund. Mikilvægt er að gefa sér þann tíma sem þarf til að þátttakendur komi sér vel fyrir og líði vel, fari úr yfirhöfnum og sitji þægilega. Leiðbeinandi aðstoðar þátttakendur eftir þörfum. Í upphafi er gott að kynna viðfangsefni kennslustundar. Einnig hentar oft að skipta kennslustundinni niður í tvo eða fleiri þætti og sýna það með myndum hvernig kennslustundinni er skipt niður. Stundum hentar að nota tímavaka til að þátttakendur viti hvenær tíminn er búinn eða einfalda talningu/tímalínu til að afmarka einstaka verkþætti. Sumir þátttakendur þurfa e.t.v. sérstaka ramma s.s. afmörkun vinnurýmis eða starfsstöðva við mismunandi verkþætti til að finna til öryggis og líða vel í tímanum. Mikilvægt er að gefa þátttakendum sem oftast færri á vali í viðfangsefnum tímans. Í tímaskipulagi er miðað við að kennt sé 2 x 40 mínútur, einu sinni í viku. Alls 45 kennslustundir.

## Þrep 1

| Námsþættir og markmið   | Kennslu - tímar   | Verkefni/lýsing   |
|---|-------------------|---|
| <p><b>Frumformin</b></p> <p>Markmið: Að átta sig á leiðum og möguleikum hvers og eins til listsköpunar með teikningu, pensli, mótun eða með upplifun t.d. á skjávarpa.</p> <p>Að kenna frumformin og sýna þau í tvívídd og þrívídd.</p>   | <p>1</p> <p>2</p> | <p>Kynning á þátttakendum, námskeiðinu og leiðbeinanda.</p> <p>Frumformin kynnt. Þátttakendur teikna, upplifa, skoða og skynja frumformin.</p> <p>Hver þátttakandi velur sér það sem hann langar að vinna með. Finna þarf út með hverjum og einum hvernig hann velur fyrir sig og um leið hvernig hann skynjar umhverfi sitt.</p> |
| <p><b>Frumformin</b></p> <p>Markmið: Að halda áfram að kynnast þátttakendum og sýna þeim frumformin út frá verkum listasögunnar.</p>  | <p>3</p> <p>4</p> | <p>Frumformin – framhald.</p> <p>Unnið að því að finna út hvaða leiðir henta hverjum og einum til listsköpunar. Unnið áfram með frumformin.</p> <p>Valin mynddæmi um grunnformin úr listasögunni sýnd á stórum skjá.</p>  |
| <p><b>Teikning / Lífræn form</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur teikni, máli og upplifi allskyns línuteikningar. Breiðar, mjóar, brotnar, skakkar, hlykkjóttar og upphleyptar línur. Línur í tvívídd og þrívídd. Að þátttakendur snerti, skoði og skynji form úr náttúrunni, finni áferð og ilm. Skoða viðbrögð þeirra við línunum</p> | <p>5</p> <p>6</p> | <p>Unnið með blýanta, kol, krít, penna og pensil. Mismunandi línuteikningar skoðaðar og unnar.</p> <p>Lífræn form. Þátttakendur snerta og skoða kuðunga, steina og plöntur. Unnið út frá skynjun hvers og eins.</p>   |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|   |           |  |
|---|-----------|--|
| og formum úr náttúrunni. Að þátttakendur sjái og upplifi verk úr listasögunni sem tengjast verkefni tímans. |           | Valin mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald sem tengjast viðfangsefni tímans.  |
| <b>Teikning</b>   | <b>7</b>  | Línuteikning - lífræn form frh.  |
| <b>Lífræn form</b>  | <b>8</b>  | Unnið með blýanta, kol, krít, penna, pensil og þau lífrænu form sem þátttakendur hafa valið sér.   |
| <b>Málun</b>  | <b>9</b>  | Unnið með akrýlliti, vatnsliti, blek og málningu með áferð (grófkorna málning eða 3-D málning). Grátónaskalinn kynntur. Þátttakendur mála, skoða og skynja gráa tóna, allt eftir hverjum og einum.                             |
| <b>Svartur / Hvítur</b>   | <b>10</b> | Valin mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald sem sýnir gráa tóna eða kennslumyndband sem sýnir blöndun grárra tóna.   |
| <b>Málun</b>  | <b>11</b> | Unnið með akrýlliti, vatnsliti, blek.  |
| <b>Grunnlitirnir þrír</b>   | <b>12</b> | Innbyrðis litablöndun grunnlitanna sýnd. Hver og einn tekur þátt á sínum forsendum.<br>Valin mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald sem sýnir t.d. frumlitina eða kennslumyndband sem sýnir blöndun þeirra. |
| <b>Málun</b>  | <b>13</b> | Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek.  |
| <b>Kaldir litir</b>   |           | Kaldir litir blandaðir.<br><br>Tenging við umhverfið og ef til vill árstíð.  |

|  |                                   |   |
|--|-----------------------------------|---|
| <p>Markmið: Að finna leiðir sem henta þátttakendum við að mála eða upplifa kalda liti.</p>   | <p><b>14</b></p>                  | <p>Þátttakendur mála, skynja og skoða kalda liti hver á sinn hátt.</p> <p>Mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald af köldum litum eða kennslumyndband með notkun kaldra lita.</p>   |
| <p><b>Málun</b><br/><b>Heitir litir</b></p> <p>Markmið: Að finna leiðir sem henta þátttakendum við að mála eða upplifa heita liti.</p>                             | <p><b>15</b></p> <p><b>16</b></p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek.</p> <p>Heitir litir blandaðir. Tenging við umhverfið og ef til vill árstíð. Þátttakendur mála, skynja og skoða heita liti hver á sinn hátt.</p> <p>Mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald af heitum litum eða kennslumyndband með notkun heitra lita.</p> |
| <p><b>Málun</b><br/><b>Litaskalar</b></p> <p>Markmið: Að finna leiðir sem henta þátttakendum við að mála eða upplifa liti og litatóna.</p>                         | <p><b>17</b></p> <p><b>18</b></p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek.</p> <p>Grunnlitunum blandað við svartan og hvítan.</p> <p>Unnið með litaskala. Hver og einn tekur þátt á sínum forsendum.</p> <p>Valin mynddæmi úr listasögunni með skjávarpa á stórt tjald sem sýnir notkun lita og áhrif þeirra.</p>                                       |
| <p><b>Málun</b><br/><b>Litaskalar</b></p>  | <p><b>19</b></p> <p><b>20</b></p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti.blek.</p> <p>Grunnlitunum blandað við svartan og hvítan.</p> <p>Unnið með litaskala. Hver og einn tekur þátt á sínum forsendum og velur sér sinn litaskala eða sína litablöndu.</p>   |
| <p><b>Frjáls málun og teikning</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur velji sér sína liti og litablöndu og nýti þær í persónulegri listsköpun eða til upplifunar.</p> | <p><b>21</b></p> <p><b>22</b></p> | <p>Persónulegt myndverk unnið með málun eða teikningu eða þeirri aðferð sem hentar hverjum og einum.</p> <p>Þátttakendur velja sér áhald, liti og litanotkun og vinna með það á sinn hátt út frá sinni skynjun.</p>   |

|   |                                   |  |
|---|-----------------------------------|--|
| <p><b>Litir, ljós og skuggi í rými</b></p> <p>Markmið: Að búa til innsetningu í rými sem þátttakendur upplifa og eru sjálfir hluti af. Unnið er í tvívídd og þrívídd.</p> | <p><b>23</b></p> <p><b>24</b></p> | <p>Þátttakendur kanna möguleika ljóss og skugga í rými, m.a. með vatni, bleki, litglærum, fundnum hlutum, skuggabrúðum og sjálfum sér. Þá eru kynntir mismunandi ljósgjafar t.d. litljóskastarar og litblöndun er skoðuð.</p>  |
| <p><b>Litir, ljós og skuggi í rými</b></p>  | <p><b>25</b></p> <p><b>26</b></p> | <p>Þátttakendur kanna áfram möguleika ljóss og skugga í rými, m.a. með vatni, bleki, litglærum, fundnum hlutum, skuggabrúðum og sjálfum sér. Þá eru notaðir mismunandi ljósgjafar s.s. litljóskastarar. Unnið er bæði í tvívídd og þrívídd. Skuggaleikhús gæti orðið til.</p> <p>Hér væri gaman að taka upp myndband í tíma því þá geta þátttakendur séð sig sjálf í rýminu þar sem þeir eru ef til vill jafnvel leikarar í leiksýningu.</p> |
| <p><b>Litir, ljós og skuggi í rými</b></p>  | <p><b>27</b></p> <p><b>28</b></p> | <p>Skuggaleikhús – framhald. Unnið áfram á sömu nótum og tekið upp myndband. Þátttakendur fá afrit af uppptöku með sér heim í lok náms.</p>  |
| <p><b>Mótun, þrívítt form</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur vinni með efni og áferð í þrívídd eða upplifi slíka vinnu.</p>  | <p><b>29</b></p> <p><b>30</b></p> | <p>Unnið með leir, pappír, vír o.fl.</p> <p>Þrívítt form. Áferð.</p> <p>Hver og einn velur efni og form til að vinna með og nálgast það á eigin forsendum.</p> <p>Unnið er persónulegt listaverk út frá skynjun og áhuga hvers og eins.</p>  |
| <p><b>Mótun, þrívítt form</b></p>   | <p><b>31</b></p>                  | <p>Mótun, framhald. Unnið að persónulegu listaverki í þrívídd.</p>   |



|   |                            |   |
|---|----------------------------|---|
|   | <b>32</b>                  | Mynddæmi um þrívíð verk úr listasögunni skoðuð með skjávarpa á stórt tjald.   |
| <b>Mótun, þrívítt form</b>  | <b>33</b><br><br><b>34</b> | Mótun, framhald.<br>Unnið að persónulegu listaverki í þrívídd.  |
| <b>Persónulegt listaverk</b><br><br>Markmið: Að búa til verk sem þátttakendur njóta að upplifa. | <b>35</b><br><br><b>36</b> | Þátttakendur útbúa persónulegt listaverk með aðferð sem þeir hafa kynnst á námskeiðinu og velja að vinna áfram með. Unnið er út frá skynjun hvers og eins. Sumir vilja þreifa á hlutum og þá er hægt að búa til listaverk til að þreifa á. Öðrum hentar að vinna úr frá heyrninni eða lyktarskyninu. Dæmi: Listaverk til að þreifa á væri með efni með áberandi áferð og jafnvel litum. Það getur verið verk sem er alsett steinum sem gaman er að koma við eða úr textílefnum með mismunandi áferð. Leiðbeinandi þarf að finna hvað hentar hverjum og einum og að vera opinn fyrir ýmsum möguleikum. |
| <b>Persónulegt listaverk</b>  | <b>37</b><br><br><b>38</b> | Framhald á vinnu við persónulegt listaverk.<br><br>Áhugavert er að taka myndband/ljósmyndir af listsköpunarferlinu og láta þátttakendur fá í lok náms.  |
| <b>Persónulegt listaverk</b>  | <b>39</b><br><br><b>40</b> | Framhald á vinnu við persónulegt listaverk.   |

|                                    |                        |  |
|------------------------------------|------------------------|--|
| <b>Persónulegt listaverk</b>       | <b>41</b><br><b>42</b> | Framhald á vinnu við persónulegt listaverk.  |
| <b>Sýning á verkum þátttakenda</b> | <b>43</b><br><b>44</b> | Í samstarfi við List án landamæra og/eða sýning sem skipulögð er í samstarfi við þátttakendur og aðstoðarfólk/talsmenn þeirra.   |
| <b>Námsmat</b>                     | <b>45</b>              | Símat og viðurkenningarskjal í lok náms. Námsmat er fyrst og fremst fyrir þátttakendur sjálfa. Hluti af því er að miðla til aðstoðarfólks/talsmanns því sem að þátttakandi gerði á námsskeiðinu. |

## Þrep 2

| Námsþættir og markmið  | Kennslu-<br>tímar               | Verkefni/lýsing  |
|--|---------------------------------|--|
| <p><b>Frumformin</b></p> <p><b>Teikning</b></p> <p>Markmið: Að kynna frumformin fyrir þátttakendum.</p> <p>Að þátttakendur kynnist mismunandi hörku blýanta og geri tónaæfingar með þeim og þjálfist í að skyggja.</p>               | <p><b>1</b></p> <p><b>2</b></p> | <p>Kynning á þátttakendum, námi og leiðbeinanda.</p> <p>Frumformin kynnt. Þátttakendur teikna, skoða og skynja frumformin. Sýnd og kennd mismunandi harka og mýkt teikniblýanta. Nota frekar færri en fleiri blýanta og hafa greinilegan mun á áferð. Þátttakendur prófa mismunandi tónaæfingar (Myndlistadeild, 2013).</p> <p>Hver og einn velur sér form sem hann langar að vinna með. Finna þarf út með hverjum og einum hvernig hann velur fyrir sig. Valið frumform, teiknað og skyggt.</p> |
| <p><b>Frumformin</b></p> <p><b>Hlutateikning</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur búi til sínar eigin uppstillingar sem þeir teikna upp og skyggja. Að sýna verk sem til eru í listasögunni og tengjast viðfangsefni þátttakenda.</p> | <p><b>3</b></p> <p><b>4</b></p> | <p>Frumformin – framhald.</p> <p>Trékubbar teiknaðir. Þátttakendur raða kubbum upp saman í uppstillingu. Hver þátttakandi raðar upp sinni uppstillingu. Hver og einn raðar upp sinni uppstillingu og teiknar hana upp og skyggir (Myndlistadeild, 2013).</p> <p>Valin mynddæmi um grunnform úr listasögunni sýnd á stórum skjá.</p>  |

|  |                    |   |
|--|--------------------|---|
| <p><b>Teikning</b></p> <p><b>Lífræn form</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur æfist í að gera mismunandi línuteikningar með ólíkum áhöldum. Að efla skynjun þátttakenda fyrir mismunandi lögun lífrænna forma. Að þátttakendur fái þjálfun í að teikna og mála eftir fyrirmynd.</p> | <p>5</p> <p>6</p>  | <p>Unnið með blýanta, kol, krít, penna og pensil. Mismunandi línuteikningar skoðaðar og unnar. Lífræn form. Þátttakendur snerta og skoða kuðunga, steina og plöntur. Hver og einn velur sér lífrænt form til að teikna upp og/eða mála.</p>   |
| <p><b>Teikning</b></p> <p><b>Lífræn form</b></p>   | <p>7</p> <p>8</p>  | <p>Línuteikning – lífræn form. Framhald. Unnið áfram með blýanta, kol, krít, penna og pensil og þau lífrænu form sem þátttakendur hafa valið sér að teikna upp eða mála (Myndlistadeild, 2013).</p>   |
| <p><b>Málun</b></p> <p><b>Svartur/hvítur og grunnlitirnir þrír</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur þjálfist í að blanda gráa tóna og blandi frumlitina. Að þátttakendur blandi grunnlitina innbyrðis. Að sýna þátttakendum valin mynddæmi um viðfangsefni tímans.</p>              | <p>9</p> <p>10</p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek og málningu með áferð (grófkorna málning eða 3-D málning). Þátttakendur skoða og mála gráa tóna. Innbyrðis litablöndun grunnlitanna sýnd.</p> <p>Þátttakendur blanda liti og mála mynd frjálst eða eftir fyrirmynd. Valin mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald sem sýnir gráa tóna og frumlitina eða kennslumyndband sem sýnir blöndun grárra tóna og frumlitanna.</p> |

|   |                                   |  |
|---|-----------------------------------|--|
| <p><b>Málun</b></p> <p><b>Svartur/hvítur og grunnlitirnir þrír</b></p> <p>Sömu markmið og fyrir kennslustundir 9 og 10.</p>   | <p><b>11</b></p> <p><b>12</b></p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek.</p> <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek og málningu með áferð (grófkorna málning eða 3-D málning). Þátttakendur blanda liti og mála mynd frjálst eða eftir fyrirmynd. Framhald frá síðasta tíma.</p>  |
| <p><b>Málun</b></p> <p><b>Kaldir litir</b></p> <p>Markmið: Að kenna þátttakendum hvað kaldir litir eru og hvaða áhrif þeir hafa í mynd. Að sýna mynddæmi um kalda liti. Að tengja kalda liti við árstíð, umhverfið.</p>   | <p><b>13</b></p> <p><b>14</b></p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek. Kaldir litir blandaðir. Tenging við umhverfið og ef til vill árstíð. Þátttakendur mála, skynja og skoða kalda liti hver á sinn hátt.</p> <p>Mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald af köldum litum eða kennslumyndband með notkun kaldra lita.</p> |
| <p><b>Málun</b></p> <p><b>Heitir litir</b></p> <p>Markmið: Að kenna þátttakendum hvað heitir litir eru og hvaða áhrif þeir hafa í mynd. Að sýna mynddæmi um heita liti. Að tengja kalda liti við árstíð og umhverfið.</p> | <p><b>15</b></p> <p><b>16</b></p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek. Heitir litir blandaðir. Tenging við umhverfið og ef til vill árstíð. Þátttakendur mála, skynja og skoða heita liti hver á sinn hátt.</p> <p>Mynddæmi úr listasögunni sýnd með skjávarpa á stórt tjald af heitum litum eða kennslumyndband með notkun heitra lita.</p> |
|   |                                   |  |

|  |                     |   |
|--|---------------------|---|
| <p><b>Málun eftir uppstillingu</b></p> <p><b>Litatónar</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur æfist í að teikna og mála eftir uppstillingu og geri tilraunir með litablöndur og ólík áhrif lita eftir birtu. Að sýna þátttakendum valin mynddæmi úr listasögunni.</p> | <p>17</p> <p>18</p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek.</p> <p>Þátttakendur teikna og mála uppstillingu. Unnið með litaskala. Ljósir og dökkir litatónar skoðaðir.</p> <p>Tilraunir með litablöndur. Valin mynddæmi úr listasögunni með skjávarpa á stórt tjald sem sýnir notkun lita og áhrif þeirra.</p> |
| <p><b>Málun eftir uppstillingu</b></p> <p><b>Litatónar</b></p> <p>Markmið: Sömu markmið og í kennslustundum 17 og 18.</p>  | <p>19</p> <p>20</p> | <p>Unnið með akrýlliti, vatnsliti og blek.</p> <p>Þátttakendur blanda liti og mála uppstillingu. Framhald. Unnið áfram með litaskala. Valin mynddæmi sýnd úr listasögunni með skjávarpa á stórt tjald sem sýnir notkun lita og áhrif þeirra.</p>  |
| <p><b>Frjáls málun eða teikning</b></p> <p>Markmið: Að þátttakandi fái að vinna frjálst út frá eigin áhugasviði.</p>   | <p>21</p> <p>22</p> | <p>Persónulegt myndverk unnið með málun eða teikningu út frá áhugasviði þátttakenda.</p>  |
| <p><b>Teikning / Málun</b></p> <p><b>Portrett / Sjálfmynd</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur æfist í að teikna og mála andlitsmynd og sjálfmynd.</p>  | <p>23</p> <p>24</p> | <p>Tekin ljósmynd af andlitum þátttakenda og hún prentuð út til að teikna sjálfmynd.</p> <p>Þátttakendur teikna sjálfmynd og mála hana (Myndlistadeild, 2013).</p>  |

|   |                                   |   |
|---|-----------------------------------|---|
| <p><b>Teikning / Málun</b></p> <p><b>Portrett / Sjálfsmynd</b></p> <p>Markmið: Sömu og fyrir kennslustundir 23 og 24.</p>   | <p><b>25</b></p> <p><b>26</b></p> | <p>Ljósmynd tekin af andliti þátttakenda og hún prentuð út til að nota sem sjálfsmynd.</p> <p>Þátttakendur teikna sjálfsmynd og mála hana.</p>  |
| <p><b>Mannslíkaminn</b></p> <p><b>Teikning / Málun eða Klippimyndir / Collage</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur velji hvort þeir vilji halda áfram að teikna og mála eða að klippa og líma.</p> | <p><b>27</b></p> <p><b>28</b></p> | <p>Þátttakendur teikna og mála mannslíkamann eftir fyrirmynd (höfuð eða alklæddan líkama).</p> <p>Einnig leita þátttakendur að myndum af mannslíkama í blöðum og tímaritum. Klippa út og líma (Myndlistadeild, 2013).</p> |
| <p><b>Mótun – þrívítt form</b></p> <p>Markmið: Að vinna persónulegt listaverk út frá skynjun og áhuga hvers og eins. Að vinna með þrívítt form.</p>   | <p><b>29</b></p> <p><b>30</b></p> | <p>Unnið með leir, pappír, vír o.fl.</p> <p>Þrívítt form.</p> <p>Hver og einn velur efni og form til að vinna með og nálgast það á eigin forsendum.</p>   |
| <p><b>Mótun – þrívítt form</b></p> <p>Markmið: Að halda áfram að vinna með þrívítt form og veita fræðslu um viðfangsefni tímans úr listasögunni.</p>  | <p><b>31</b></p> <p><b>32</b></p> | <p>Mótun – framhald.</p> <p>Unnið að persónulegu listaverki í þrívídd.</p> <p>Mynddæmi um þrívíð verk úr listasögunni skoðuð með sjávarpa á stórt tjald.</p>  |

|  |                                |   |
|--|--------------------------------|---|
| <p><b>Mótun – þrívítt form</b></p>   | <p><b>33</b><br/><b>34</b></p> | <p>Mótun – framhald.<br/>Unnið að persónulegu listaverki í þrívídd.</p>   |
| <p><b>Persónulegt listaverk</b><br/>Markmið: Að þátttakendur búi til listaverk sem þeir njóta að upplifa og er valið út frá þeirra eigin áhuga og vilja.</p> | <p><b>35</b><br/><b>36</b></p> | <p>Þátttakendur útbúa persónulegt listaverk með aðferð sem þeir hafa kynnst á námskeiðinu og velja að vinna áfram með.<br/>Unnið er út frá áhuga hvers og eins.</p> |
| <p><b>Persónulegt listaverk</b><br/>Markmið: Sömu og fyrir kennslustundir 35 og 36.</p>  | <p><b>37</b><br/><b>38</b></p> | <p>Framhald á vinnu við persónulegt listaverk.<br/>Áhugavert að taka myndir/myndbönd á snjalltæki af listsköpunarferlinu og láta þátttakendur fá í lok náms.</p>    |
| <p><b>Persónulegt listaverk</b></p>  | <p><b>39</b><br/><b>40</b></p> | <p>Framhald á vinnu við persónulegt listaverk.</p>  |
| <p><b>Persónulegt listaverk</b></p>  | <p><b>41</b><br/><b>42</b></p> | <p>Framhald á vinnu við persónulegt listaverk.</p>  |
| <p><b>Sýning á verkum þátttakenda</b></p>  | <p><b>43</b><br/><b>44</b></p> | <p>Í samstarfi við List án landamæra og/eða sýning sem skipulögð er í samstarfi við þátttakendur og aðstoðarfólk/talsmenn þeirra.</p>                               |



|                |           |   |
|----------------|-----------|---|
| <b>Námsmat</b> | <b>45</b> | Símat og viðurkenningarskjal í lok náms. Námsmat er fyrst og fremst fyrir þátttakendur sjálfa. Hluti af því er að miðla til aðstoðarfólks/talsmanns því sem að þátttakandi gerði á námskeiðinu. |
|----------------|-----------|---|

**Fyrirkomulag námsmats:** Námsmat er fyrst og fremst fyrir þátttakandann sjálfan. Mikilvægur hluti af því getur verið að miðla til aðstandanda/talsmanns því sem að þátttakandi sem lítið tjáir sig í orðum gerði á námskeiðinu. Verkin sjálf segja meira en orð en áhugvert getur verið að sýna myndir/myndbrot úr kennslustund eða vinnuferli við t.d. persónulegt listaverk vilji þátttakandi það sjálfur (Anna Soffía Óskarsdóttir, án ártals).

### Textílmennt

Nám og kennsla í textíl og upplifun fyrir fólk með mikla þroska- og hreyfihömlun og/eða einhverft fólk. Meginmarkmið er að þátttakendur njóti þess að skapa og upplifa efni, áferð og litaskil með mismunandi aðferðum textíls. Í námið fléttast inn fræðsla um íslenskt handverk áður fyrr og hönnun og handverk í samtímanum. Þessi námskrá hentar vel þeim sem hafa litla hreyfifærni. Námskráin skiptist í tvö þrep.

Í þrepi 1 er unnið meira út frá skynfærunum sjón, heyrn, snertingu og lykt og þeirri hreyfifærni sem hver og einn þátttakandi hefur. Hver og einn tekur þátt á sínum forsendum. Mikilvægt er að átta sig á hvernig þátttakendur skynja sem best umhverfi sitt. Hafa þarf í huga að þeir sem hafa mikla hreyfihömlun geta líka verið einhverfir og taka þarf tillit til þess í aðlögun umhverfis til að skapa öryggi og vellíðan, þótt þeir hafi ekki einhverfu sem hluta af fötlunargreiningu (sjá nánar um markmið og skipulag kennslustundar, bls. 15 og 16). Í þrepi 1 er aðallega unnið að pappírsgerð, þrykki, taumálun og þæfingu. Þessar aðferðir eru valdar með það til hliðsjónar að þær henta vel til að upplifa og skynja textílaferð, liti og form. Aðrar aðferðir geta þó vel hentað og er það á valdi leiðbeinandans að finna það út hverju sinni. Í stað þess að vinna að handverki sem krefst mikilla fínhreyfinga er hér lögð áhersla á aðferðir sem krefjast þess ekki alltaf. Í upphafi þarf leiðbeinandinn að finna út úr því með hverjum og einum þátttakanda hvernig hann skynjar umhverfið og honum er síðan mætt þar. Í námskránni er unnið að því að dýpka skynjun þátttakenda fyrir textíl með mismunandi aðferðum, áferð, efnum og litum. Ef þátttakandi sýnir merki um að vilja dvelja við einhvern tiltekinn þátt textíls þá hefur hann tækifæri til þess. Á sama hátt er mikilvægt að taka eftir því ef viðkomandi líkar efni eða áferð illa því markmiðið er að njóta og upplifa. Áhugavert getur verið að tengja kennsluna við þemu eins og árstíðirnar. Upplifun af textílefnum og aðferðum við vinnslu þeirra skipar mikilvægan sess í hverri kennslustund.

Skipting viðfangsefna í þrepunum tveimur er einungis viðmið því ávallt þarf að meta hvaða aðferð hentar til þess að þátttakendur fái sem mest út úr kennslustundinni. Upplifunarpátturinn skiptir oft meira máli en afraksturinn sem slíkur.

Leiðbeinandi þarf að vera sveigjanlegur og hefur frelsi til að breyta áherslum í viðfangsefnum ef það hentar þátttakendum betur. Einnig þarf hann að geta aðlagð kennsluna að aðstæðum eins og þær eru hverju sinni, jafnvel í hverjum tíma. Hægt er að nýta sér kennslumyndbönd í hvers kyns textílaðferðum af völdum vefsíðum og á Youtube og varpa þeim upp með skjávarpa í því skyni að þátttakendur fái tækifæri til að upplifa handverkið sjónrænt. Hægt er að ýta undir skynhrifin með því að spila tónlist með og skapa þannig notaleg og sterk áhrif handverks í rými.

Í þrepi 2 er leitast við að kynna fyrir þátttakendum nýjar textílaðferðir og efla þá þekkingu sem þeir hafa fyrir eða varpa nýju ljósi á hana. Lögð er áhersla á að finna út með hverjum og einum þátttakanda hvar áhugi hans liggur og unnið er út frá því. Markmiðið er að dýpka þekkingu þátttakanda fyrir textíl með mismunandi aðferðum, efnum, áferð og samspili lita. Hafa ber í huga að sumt einhverft fólk getur verið viðkvæmt fyrir snertingu og lykt og því hentar ekki öllum að vinna með ullarþæfingu og pappírsgerð svo dæmi sé nefnt. Í þeim tilvikum er unnið með aðrar aðferðir innan textíls. Námið er byggt upp sem kynning á völdum textílaðferðum og í seinni hluta námsins er unnið lokaverkefni sem þátttakandi velur sjálfur og er til þess gert að veita honum ánægjulega upplifun.

### **Kennsluþættir fyrir þrep 1**

**Textíll og skynjun:** Lögð er áhersla á skynjun ólíkra textílefna, náttúrulegra sem gerviefna. Trefjaefni úr náttúrunni skoðuð svo sem trjágreinar og pappír.

**Pappírsgerð:** Pappír er trefjaefni úr náttúrunni og flokkast sem textílefni. Skynjun pappírs og endurnýting. Ólíkar pappírstegundir skoðaðar út frá áferð, litum og hljóði t.d. þegar pappír er krumpaður saman. Unnið að pappírsgerð og upplifun.

**Þrjón, hekl og upplifun:** Þátttakendur horfa á valin kennslumyndbönd af þrjónaaðferð eða hekli af handverkssíðum á netinu, t.d. á Youtube, sem varpað er

upp á stórt tjald með skjávarpa. Upplifun handverks í rými og með snertingu á prjónuðu/hekludu efni. Mismunandi litasamsetningar og mynstur skoðaðar.

**Práðavinna:** Unnið með þræði og liti. Vefnaður, útsaumur eða blönduð tækni.

**Þæfing:** Unnið með íslenska ull og merinóull. Ullin kembd. Unnið með liti, litatóna og samspil þeirra.

**Textílmálun:** Málað á textílefni með fingrum, penslum og svömpum.

**Textílprykk:** Þrykkt á textílefni með svömpum, stimplum, grænmeti, laufblöðum og plöntum.

### Kennsluþættir fyrir þrep 2

**Hugmynda og skissugerð:** Þátttakendur vinna hugmyndavinnu og þeir sem vilja teikna upp þá hluti sem þá langar til að útfæra í textíl eða klippa út myndir af þeim úr blaði eða tímariti og líma á blað eða í skissubók.

**Textíll og efnisgerð:** Áhersla lögð á sögulegt og félagslegt samhengi ólíkra textíla ásamt því að skoða ólík textílefni, bæði náttúruleg efni og gerfiefni. Trefjaefni úr náttúrunni skoðuð svo sem trjágreinir og pappír.

**Pappírsgerð:** Pappír er trefjaefni úr náttúrunni og flokkast sem textílefni. Hér er komið inn á endurnýtingu pappírs og pappírsgerð kennd.

**Ljósmyndun:** Þátttakendur taka ljósmyndir af áferð og litum.

**Prjón og hekl:** Þátttakendur velja sér verkefni í prjóni eða hekli. Sýnd valin kennslumyndbönd af prjónaaðferð eða hekli af handverkssíðum á netinu t.d. á Youtube. Þátttakendur skoða, fræðast og upplifa með snertingu áferð ólíks prjón og hekls. Skoðaðar mismunandi litasamsetningar og mynstur.

**Práðavinna:** Unnið með þræði og liti. Vefnaður, útsaumur, vélsaumur eða blönduð tækni.

**Þæfing:** Unnið með íslenska ull og merinóull. Ullin kembd. Unnið með liti og samspil þeirra. Þæfing á flötu stykki og þrívíðum hlut.

**Textílmálun:** Málað á textílefni með fingrum, penslum og svömpum.

**Textílprykk:** Þrykkt á textílefni með svömpum, stimplum, grænmeti, laufblöðum og plöntum.

### Námsgögn og verkfæri

**Pappírsgerð:** Pappírsgerðarrámmar, bali, pappírsgangar, töfrasproti til að útbúa pappírsmauk, lök, þvottagrind, þvottaklemmur. Efni til að blanda við pappírsmauk, t.d. grænmeti, blóm, bananahýði o fl.

**Þrykk:** Textílmálning og áhöld fyrir þrykk og taumálun t.d. penslar, stimplar, svampar, skapalón, efni til að mála og þrykkja á.

**Þæfing:** Ullarkembur (íslensk ull og merinóull) og annað efni sem tilheyrir þæfingu t.d. fóðurefni, grænsápa, mjúkt yfirbreiðsluplast, bóluplast, bakkar.

**Saumur:** Saumavélar, tvinnar, skæri, málband.

**Annað:** Allskyns efni og efnisbútar, náttúruleg efni og gerfiefni. Garn og þræðir í ýmsum útgáfum og litum. Efni og áhöld til útsaums. Föndurperlur og tréperlur. Föndurlím og límbyssar. Spjöld til vefnaðar eða einfaldir vefstólar. Teikniplöð, blýantar og málning.

### Aðgangur að vaski er nauðsynlegur

Skjávarpí, tölva og nettenging. Stafræn ljósmyndavél. Litaprentari. Snjalltæki.

**Fyrirkomulag kennslustundar:** Hver tími byrjar á ákveðinn hátt og endar á ákveðinn hátt. Það er gert til að skapa ramma utan um kennslustundina og skapa hefð sem þátttakendur læra að þekkja. Mikilvægt er að gefa sér þann tíma sem þarf til að þátttakendur komi sér vel fyrir og líði vel, fari úr yfirhöfnum og sitji þægilega. Leiðbeinandi aðstoðar þá eftir þörfum. Í upphafi er gott að kynna viðfangsefni kennslustundar með þeim hætti sem hentar best hverju sinni. Það getur verið með því að sýna mynd af viðfangsefni kennslustundarinnar. Einnig hentar oft að skipta kennslustundinni niður í tvo eða fleiri þætti og sýna það með myndum eða táknhlutum hvernig kennslustundinni er skipt niður. Stundum hentar að nota tímavaka til að þátttakendur viti hvenær tíminn er búinn eða einfalda talningu/tímalínu til að afmarka einstaka verkþætti. Sumir þátttakendur þurfa e.t.v. sérstaka ramma s.s. afmörkun vinnurýmis eða starfsstöðva við mismunandi verkþætti til að finna til öryggis og líða vel í tímanum. Mikilvægt er að gefa þátttakendum sem oftast færi á vali í viðfangsefnum tímans. Í tímaskipulagi er miðað við að kennt sé 2 x 40 mínútur, einu sinni í viku. Alls 45 kennslustundir.

## Þrep 1

| Námsþættir og markmið   | Kennslu-<br>tímar | Verkefni/lýsing  |
|---|-------------------|--|
| <p><b>Kynning</b></p> <p><b>Áferð og skynjun</b></p> <p>Markmið: Að efla tilfinningu þátttakenda fyrir ólíkum textílefum.</p> <p>Að taka eftir hvað hverjum og einum líkar/líkar ekki við.</p> <p>Að kynnast þátttakendum út frá skynjun hans á umhverfinu.</p> <p>Hvaða boðleiðir þarf til að ná til viðkomandi?</p> | <p>1</p> <p>2</p> | <p>Kynning á þátttakendum og náminu.</p> <p>Leiðbeinandi kynnir ólíkar tegundir af textílefum, bæði náttúrulegum efnum og gerviefnum. Dæmi: ullarkembur, hörefni, silkiefni, þrjónað efni, striga, gerviefni, tjull, trjágreinar, pappír. Þátttakendur snerta efnin og upplifa þau á þann hátt sem þeir skynja sem best umhverfi sitt. Sagt frá uppruna efnanna.</p> |
| <p><b>Áferð og skynjun</b></p> <p><b>Fræðsla: íslenskur textíll</b></p> <p>Markmið: Að efla áfram skynjun þátttakenda fyrir ólíkum textílefum. Segja stutt frá þeim og varpa upp á tjald.</p>   | <p>3</p> <p>4</p> | <p>Leiðbeinandi heldur áfram að sýna ólíkar tegundir af textílefum. Bætir við efnum.</p> <p>Fræðsla: Kynning á helstu gersemum í íslenskum textíl með skjávarpa á stóru tjald.</p>   |
| <p><b>Pappír og skynjun</b></p> <p>Markmiðið: Að þátttakendur</p>   | <p>5</p>          | <p>Pappír er efni sem inniheldur náttúrulegar trefjar og flokkast sem textílefni. Þátttakendur koma við og skynja ólíkar pappírstegundir. Dæmi: hvítur pappír, handgerður pappír, litaður silkipappír,</p>   |

|   |                    |   |
|---|--------------------|---|
| <p>upplifi og skynji fjölbreyttar pappírstegundir á sem víðtækastan hátt. Unnið með þrívítt form.</p> <p><b>Pappírsskúlpúr</b></p>  | <p>6</p>           | <p>brúnn maskínupappír, glanspappír, dagblaðapappír. Hlustað á pappírsskrjáf, þegar pappír er rifinn, brotinn, krumpaður og sléttaður. Komið við „óþægilegan pappír“ eins og sandpappír.</p> <p>Ef það er haust væri gaman að tína haustlauf og vinna með þau. Snerta lafin og finna ilminn af þeim.</p> <p>Búnir til pappírsskúlpúrar. Fundið út með hverjum og einum hvaða leið hentar best til að vinna með pappírinn t.d. rífa, krumpa, brjóta pappírinn saman, búa til göt í hann.</p> |
| <p><b>Pappírsgerð og skynjun</b></p> <p><b>Endurnýting pappírs</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur upplifi og skynji ferlið við að búa til handgerðan pappír.</p>                   | <p>7</p> <p>8</p>  | <p>Pappírsgangur bleyttir upp í bala og maukaðir saman með töfrasprota. Þátttakendur upplifa maukið með því að snerta það, t.d. með því að dýfa hendinni í vatnið með maukinu. Finna ilminn af því. Þarna er áhugavert að vinna með ólík efni til að blanda út í maukið eins og plöntur, bananahýði, kaffikorg og krydd því þá bætist við að vinna með lyktarskynið.</p> <p>Pappírarkir búnar til með pappírsgerðarramma. Hver og einn tekur þátt á eigin forsendum.</p>                    |
| <p><b>Pappírsgerð og skynjun</b></p> <p><b>Endurnýting pappírs</b></p> <p><b>Fræðsla um pappírsgerð</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur upplifi og skynji ferlið við að búa til</p> | <p>9</p> <p>10</p> | <p>Pappírsgerð-framhald. Þátttakendur búa til pappírarkir með pappírsgerðarramma. Hægt er síðan að búa til kort eða bók úr pappírörkunum.</p> <p>Kynning á handgerðum pappír í sögulegu samhengi.</p>   |

|   |                     |  |
|---|---------------------|--|
| <p>handgerðan pappír.<br/>Fræðsla um sögu pappírsgerðar.</p>  |                     |  |
| <p><b>Prjón/hekl og upplifun</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur fái sterka sjónræna upplifun af prjóni og hekli á stóru tjaldi og með skynjun efnis ásamt því að hlusta á hljóðið sem skapast við prjón og hekl.</p> | <p>11</p> <p>12</p> | <p>Í þessum tímum er lögð áhersla á sjónræna upplifun handverks með því að varpa upp með skjávarpa á stórt tjald völdum kennslumyndböndum af handverkssíðum af prjóni og/eða hekli. Þátttakendur skoða og snerta á sama tíma garn, prjóna, heklunálar og prjónað eða heklað efni. Þeir sem valda prjónum prófa að fitja upp og prjóna örlítið. Einhverjir geta hugsanlega prjónað smávegis með handstýringu. Leitast við að skapa notalega stemmingu handverks. Hlustað á tif í prjónum o. sv.frv. (ADreambeam, 2012) og (SoulRepose, 2014).</p> |
| <p><b>Þráðavinna</b></p> <p>Markmið: Að finna leiðir sem henta þátttakendum til að vinna með þræði og ýta undir sjálfstæði í vali á verkefni.</p>   | <p>13</p> <p>14</p> | <p>Unnið með þræði og ólíkar tegundir af þeim. Þátttakendur koma við og skynja ólíkar tegundir af þráðum. Hver og einn velur sér þræði ýmist út frá áferð eða litum. Fundin leið sem hentar hverjum og einum til að vinna með þræði hvort sem það er að vefa, þræða upp á, vefja, klippa og líma á flöt eða sauma. Einfalt þráðlistaverk búið til.</p>   |
| <p><b>Þráðavinna</b></p> <p><b>Kynning á íslenskri þráðlist</b></p>   | <p>15</p> <p>16</p> | <p>Unnið áfram með þræði og ólíkar tegundir af þráðum.</p> <p>Þráðlistaverk búið til.</p> <p>Kynning á íslenskum þráðlistamanni og íslenskri þráðlist með skjávarpa á stórt tjald.</p>   |



|  |                                   |   |
|--|-----------------------------------|---|
| <p>Markmið: Að vinna áfram með þræði eftir því sem hentar hverjum og einum.</p>  |                                   | <p>Sjá t.d. <a href="http://www.tex.is/verk">www.tex.is/verk</a></p>  |
| <p><b>Þæfing og upplifun</b></p> <p><b>Íslensk ull</b></p> <p>Markmið: Að kenna ævaforn handverk og að örva skynjun þátttakenda fyrir íslensku ullinni með því að upplifa og snerta ull, finna lyktina af henni, áferðina og kamba hana.</p> | <p><b>17</b></p> <p><b>18</b></p> | <p>Þæfing með íslenskri ull. Þátttakendur þæfa flatt stykki eins og mynd, pottaleppa eða mottu undir eldfast mót. Unnið með skynjunina af ullinni t.d. lykt, áferð og liti. Ullin kembd með kömbum. Unnið með liti og litaspil. Þátttakendur velja sér tvo til þrjá liti af ull og kamba saman. Þeir upplifa og snerta ólitaða og litaða ull, finna lyktina af henni, áferðina, prófa að kamba ull. Þeir sem vilja þæfa flatt stykki með volgu vatni og sápu. Fræðsla: íslenska ullin. Fræðslumyndbandi varpað upp á stórt tjald (Sigurður Eypórsson, 2013). Hægt að sýna að hluta til.</p> |
| <p><b>Þæfing og upplifun</b></p> <p><b>Íslensk ull</b></p> <p><b>Tvívítt form</b></p> <p>Markmið: Að efla tilfinningu fyrir þæfingu bæði sjónrænt og með skynjun á efni og aðferð.</p>   | <p><b>19</b></p> <p><b>20</b></p> | <p>Þæfing með íslenskri ull – framhald.</p> <p>Kennslumyndbandi í þæfingu varpað með skjávarpa upp á tjald til að sýna aðferð við þæfingu. Kennsla í að þæfa blóm úr merinóull (TheFeltStudio, 2013).</p>   |
| <p><b>Þæfing og upplifun/Merinóull</b></p> <p><b>Þrívítt form</b></p>  | <p><b>21</b></p> <p><b>22</b></p> | <p>Þæfing með merinóull. Þrívítt form. Þæft utan um hlut. Merinóull sett utan um lítinn hlut t.d. sápu, köngul eða steinvölu. Nuddað í höndunum eða innan í litlum plastpoka með volgu vatni og sápu. Hægt að skoða og fá</p>   |

|   |                                |  |
|---|--------------------------------|--|
| <p>Markmið: Að kenna þæfingu og búa til þrívíðan hlut. Upplifunin felst í því að skynja ylinn af volgu vatninu sem umlykur hlutinn, lyktina af ullinni og þrívítt formið.</p> |                                | <p>hugmyndir á vefsíðunni:<br/> <a href="http://vefir.nams.is/textilmennt/index.htm">http://vefir.nams.is/textilmennt/index.htm</a></p>                                      |
| <p><b>Þæfing og upplifun/Merínóull</b><br/><b>Þrívítt form</b></p>  | <p><b>23</b><br/><b>24</b></p> | <p>Sömu efnistöð og hér að ofan (kennslustundir 21 og 22)</p>  |
| <p><b>Textílmálun</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur fái tækifæri til að mála frjálst á efni sem getur orðið að nytjahlut eða listaverki.<br/> Dæmi: púði, dúkur, mynd.</p>  | <p><b>25</b><br/><b>26</b></p> | <p>Textílmálun.<br/> Fundin leið sem hentar hverjum og einum þátttakanda við að mála á efni hvort sem það er með fingrum, pensli eða svömpum á efni t.d. óbleikt léreft.</p> |
| <p><b>Textílmálun</b></p>   | <p><b>27</b><br/><b>28</b></p> | <p>Sömu efnistöð og hér að ofan (kennslustundir 25 og 26)</p>  |
| <p><b>Textílprykk</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur kynnist nokkrum þrykkaðferðum og upplifi í leiðinni skynjun og lykt af laufblöðum, plöntum, málningu og litum.</p>      | <p><b>29</b><br/><b>30</b></p> | <p>Textílprykk með grænmeti, laufblöðum og plöntum á efni.<br/> Unnið með skynjunina af grænmetinu, laufblöðunum og plöntunum og ólíka áferð þeirra.</p>                     |
| <p><b>Textílprykk</b></p>   | <p><b>31</b></p>               | <p>Textílprykk með svömpum og stimplum.<br/> Fjölbreytt munstur og efni skoðuð á stóru tjaldi.</p>   |

|   |           |  |
|---|-----------|--|
| Markmið: Að þátttakendur kynnist fjölbreyttum aðferðum við þrykk og skoði munstur, efni og upplifi samspil lita og forms. | <b>32</b> |  |
| <b>Textílþrykk</b>  | <b>33</b> | Textílþrykk. Frjáls aðferð.  |
|   | <b>34</b> | Unnið áfram með þrykk, munstur, liti og form.  |
| <b>Lokaverk í textíl</b>  | <b>35</b> | Þátttakendur útbúa textíllistaverk með aðferð sem þeir hafa kynnst á námskeiðinu og velja að vinna áfram með. Einnig hægt að blanda saman aðferðum. Unnið er út frá skynjun hvers og eins. |
| <b>Listaverk eða nytjahlutur</b>  | <b>36</b> | Markmið: Að búa til verk sem þátttakendur njóta að upplifa.  |
| <b>Lokaverk í textíl</b>  |           | Framhald á vinnu við persónulegt textílverk.   |
| <b>Listaverk eða nytjahlutur</b>  | <b>37</b> | Áhugavert getur verið að mynda ferlið við gerð listaverksins. Verkin sjálf segja meira en nokkur orð en áhugavert getur verið að sýna  |
|   | <b>38</b> | ljósmyndir/myndbrot úr kennslustund eða vinnuferli við, t.d. upplifun þátttakendanna í tímum og sköpunarferlið við lokaverkefni í textíl.  |
| <b>Lokaverk í textíl</b>  | <b>39</b> | Framhald á vinnu við lokaverk í textíl.  |
|   | <b>40</b> |  |
| <b>Lokaverk í textíl</b>  | <b>41</b> | Framhald á vinnu við lokaverk í textíl.  |
|   | <b>42</b> |  |

|                                    |                        |  |
|------------------------------------|------------------------|--|
| <b>Sýning á verkum þátttakenda</b> | <b>43</b><br><b>44</b> | Í samstarfi við List án landamæra og/eða sýning sem skipulögð er í samstarfi við þátttakendur og aðstoðarfólk/talsmenn þeirra.   |
| <b>Námsmat</b>                     | <b>45</b>              | Símat og viðurkenningarskjal í lok náms. Námsmat er fyrst og fremst fyrir þátttakendur sjálfa. Hluti af því er að miðla til aðstoðarfólks/talsmanns því sem að þátttakandi gerði á námsskeiðinu. |

## Þrep 2

| Námsþættir og markmið  | Kennslu-<br>tímar | Verkefni/lýsing   |
|--|-------------------|---|
| <p><b>Kynning</b></p> <p><b>Áferð, skynjun og uppruni</b></p> <p><b>Hugmyndavinna</b></p> <p>Markmið: Að efla tilfinningu þátttakenda fyrir ólíkum textílefum og sjá hvað hverjum og einum líkar/ líkar ekki við. Að finna út úr því hvaða væntingar þeir hafa til námsins og hvar áhugi þeirra liggur í textíl. Að finna út hvaða leiðir henta við hugmyndavinnu.</p> | <p>1</p> <p>2</p> | <p>Kynning á þátttakendum, náminu og viðfangsefnum þess. Leiðbeinandi sýnir ólíkar tegundir af textílefum. Dæmi: ullarkembu, hörefni, silkiefni, þrjónað efni, striga, gerviefni, tjull, trjágreinir og pappír. Þátttakendur snerta efnin til að finna ólíka áferð þeirra. Kynning á uppruna efnanna. Skissu/hugmyndavinna. Hvar liggur áhugi þátttakenda í textíl og hver er þeirra bakgrunnur? Hvað langar þá að búa til í náminu?</p> <p>Kynning á þátttakendum og náminu.</p> |
| <p><b>Pappírsgerð</b></p> <p><b>Endurnýting pappírs</b></p> <p>Markmið: Að kenna pappírsgerð. Að vinna með mismunandi áferð og líti. Að þátttakendur kynnist því hvernig má endurvinna pappír og nýta pappírsganga til þess.</p>   | <p>3</p> <p>4</p> | <p>Pappírsgangar bleyttir upp í bala og maukaðir saman með töfrasprotu.</p> <p>Það er áhugavert að vinna með ólík efni til að blanda út í pappírsmaukið eins og plöntur, bananahýði, kaffikorg, krydd. Búnað til pappírsgangir með pappírsgerðarramma.</p>  |

|  |                                  |   |
|--|----------------------------------|---|
| <p><b>Pappírsgerð</b></p> <p><b>Kortagerð</b></p> <p><b>Kynning á handgerðum pappír</b></p> <p>Markmið:<br/>Að vinna dýpra með áferð og liti. Búa til nytjahlut úr endurunnum pappír.</p> <p>Að þátttakendur upplifi ferlið frá hugmynd að fullunnum hlut. Að kynna pappírsgerð í sögulegu samhengi.</p> | <p><b>5</b></p> <p><b>6</b></p>  | <p>Kortagerð. Búin til gjafakort eða bók úr pappírörkunum. Áferð ólíkra pappírsarka skoðuð.</p> <p>Kynning á handgerðum pappír í sögulegu samhengi.</p>   |
| <p><b>Ljósmyndun</b></p> <p><b>Áferð og litir</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur velti fyrir sér áferð, formum og litum í umhverfinu og taki ljósmyndir af því.</p>   | <p><b>7</b></p> <p><b>8</b></p>  | <p>Þátttakendur taka ljósmyndir af áferð og litum.</p> <p>Hægt að hafa sem heimaverkefni milli tíma.</p>  |
| <p><b>Ljósmyndun</b></p> <p><b>Prjón eða hekl</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur þjálfist í að mynda og skoða ljósmyndir út frá áferð, formum og litum.</p>   | <p><b>9</b></p> <p><b>10</b></p> | <p>Ljósmyndir þátttakenda skoðaðar saman. Umræður um form, liti og áferð.</p> <p>Ljósmyndirnar gætu nýst á önninni í stafænum textíl eða lokaverki í textíl. Hver og einn velur sér prjón eða hekl-verkefni í samráði við leiðbeinanda.</p> |

|   |          |  |
|---|----------|--|
| Að efla sjálfstæði þátttakenda í að velja verkefni.   |          |  |
| <p><b>Prjón eða hekl</b></p> <p>Markmið: Að þátttakendur öðlist færni í prjóni og hekli. Að þeir vinni að verkefnum í samræmi við áhuga og færni.</p>           | 11       | Unnið að prjóni eða hekli.   |
| <p>Að efla sjálfstæði þeirra í vali á áferð, efnisgerð og litum. Það verkefni nýtist vel sem heimaverkefni milli tíma.</p>                                      | 12       |  |
| <p><b>Prjón eða hekl</b></p> <p><b>Kynning á íslenskri prjónahönnun</b></p> <p>Markmið: Að fræða þátttakendur um íslenska prjónahönnun í samtímanum.</p>        | 13<br>14 | <p>Unnið áfram að prjóni eða hekli.</p> <p>Kynning á íslenskri prjónahönnun t.d. með skjávarpa upp á stórt tjald.</p>                  |
| <p><b>Þæfing, kynning á íslensku ullinni og merinóull</b></p> <p><b>Tvívítt form</b></p> <p><b>Markmið:</b> Að kenna ævafornt handverk og tækni við það. Að</p> | 15<br>16 | <p>Þæfing með íslenskri ull eða merinóull.</p> <p>Flatt stykki, t.d. mynd, motta undir eldfast mót eða sjal úr merinóull og silki.</p> |

|  |           |  |
|--|-----------|--|
| vinna með liti og litasamsetningar. Að þátttakendur kynnist muninum á íslenskri ull og merinóull. Íslenska ullin kynnt, hennar helstu eiginleikar og sérkenni. |           |  |
| <b>Þæfing</b>  | <b>17</b> | Þæfing úr íslenskri ull eða merinóull. Framhald. Tvívítt form.   |
| <b>Tvívítt form</b>  | <b>18</b> | Sýnishorni eða myndbandi af þæfingu varpað með skjávarpa upp á tjald til að sýna aðferð við þæfingu (TheFeltStudio, 2013). |
| <b>Þæfing</b>  | <b>19</b> | Þæfing með merinóull eða íslenskri ull. Þrívítt form t.d. taska.   |
| <b>Þrívítt form</b>  | <b>20</b> |  |
| Markmið: Að kenna að þæfa þrívítt form t.d. tösku, skó, tehettu eða skúlptúr.  |           |  |
| <b>Þæfing</b>  | <b>21</b> | Framhald. Þæfing með merinóull eða íslenskri ull.  |
| <b>Þrívítt form</b>  | <b>22</b> | Þrívítt form t.d. taska.   |
| <b>Útsaumur/Ásaumur</b>  |           |  |
| <b>Kynning: íslenskur útsaumur</b>   | <b>23</b> | Þátttakendur skreyta þæfða hluti sem þeir hafa unnið með útsaumi og/eða ásaumi.  |
| Markmið: Að þátttakendur þjálfist í nokkrum algengum útsaumsaðferðum. Að kynna fyrir þeim íslenskan útsaum. Einnig að þeir þjálfist í vali á                   | <b>24</b> |  |



|   |           |   |
|---|-----------|---|
| litum og litasamsetningum og vinnubrögðum í útsaumi. Að þeir geti notað útsaum til að skreyta með.  |           |   |
| <b>Útsaumur/Ásaumur</b>   | <b>25</b> | Hlutir skreyttir með útsaumi/ásaumi. Framhald.  |
|   | <b>26</b> |   |
| <b>Textílmálun/þrykk</b><br>Markmið: Að þátttakendur læri rétt handtök við þrykk og geti nýtt sér efnivið náttúrunnar til þess. Að þeir fái þjálfun í að raða saman formum, ýmist frjálst eða í munstur.    | <b>27</b> | Textílptrykk með grænmeti, laufblöðum og plöntum og/eða málað með textílmálningu.   |
|   | <b>28</b> |   |
| <b>Textílptrykk</b><br>Kynning á textílhönnuði og frægum munstrum í tískuheiminum<br>Markmið: Að þátttakendur þjálfist í munsturgerð og nái færni í textílptrykki. Fræðsla um fræg munstur í tískuheiminum. | <b>29</b> | Textílptrykk með svömpum, stimplum og eða skapalóni. Munsturgerð. Þátttakendur velja sér munstureiningu sem þeir vinna með frjáls eða í símunstri. Fræðsla: Kynning á textílhönnuði og frægum munstrum í tískuheiminum. |
|   | <b>30</b> |   |
| <b>Textílptrykk</b>   | <b>31</b> | Textílptrykk.   |
|   | <b>32</b> | Unnið með munstur og þrykkt á efni.   |

|  |                     |   |
|--|---------------------|---|
| <p><b>Textílprykk</b></p> <p><b>Stafrænn textíll, kynning</b></p> <p>Markmið: Að kynna hvaða möguleika þátttakendur hafa á að yfirfæra hugmyndir sínar í stafrænan textíl.</p>   | <p>33</p> <p>34</p> | <p>Þrykk framhald.</p> <p>Kynning á stafrænum textíl og möguleikum hans. Hægt að skoða t.d. á þessari vefsíðu: <a href="http://www.textilprentun.is/">http://www.textilprentun.is/</a>.</p>   |
| <p><b>Lokaverk í textíl</b></p> <p><b>Listaverk eða nytjahlutur</b></p> <p>Markmið: Að efla sjálfstæði þátttakenda við að velja aðferð til að vinna áfram með. Að þeir vinni að listsköpun, handverki eða hönnun út frá eigin áhuga.</p> | <p>35</p> <p>36</p> | <p>Þátttakendur útbúa textíllistaverk eða hanna nytjahlut eða fatnað með aðferð að eigin vali. Hér er hægt að blanda saman aðferðum. Hér hentar t.d. að vinna að verkefni fyrir þá sem vilja sauma hvort sem er í vél eða höndum. Þá er líka möguleiki á að vinna áfram að stafrænum textíl og prenta út ljósmyndir á efni eða láta gera það fyrir sig.</p> |
| <p><b>Lokaverk í textíl</b></p> <p><b>Listaverk eða nytjahlutur</b></p>  | <p>37</p> <p>38</p> | <p>Unnið að listaverki eða nytjahlut úr textíl.</p>   |
| <p><b>Lokaverk í textíl</b></p>  | <p>39</p> <p>40</p> | <p>Unnið að listaverki eða nytjahlut úr textíl.</p>   |
| <p><b>Lokaverk í textíl</b></p>  | <p>41</p> <p>42</p> | <p>Framhald á vinnu við lokaverk í textíl.</p>  |

|   |                                |  |
|---|--------------------------------|--|
| <p><b>Sýning á verkum þátttakenda</b></p> | <p><b>43</b><br/><b>44</b></p> | <p>Í samstarfi við List án landamæra og/eða sýning sem skipulögð er í samstarfi við þátttakendur og aðstoðarfólk/talsmenn þeirra.</p>  |
| <p><b>Námsmat</b></p>                     | <p><b>45</b></p>               | <p>Símat og viðurkenningarskjal í lok náms. Námsmat er fyrst og fremst fyrir þátttakendur sjálfa. Hluti af því er að miðla til aðstoðarfólks/talsmanns því sem að þátttakandi gerði á námskeiðinu.</p> |

**Fyrirkomulag námsmats:** Námsmat er fyrst og fremst fyrir þátttakandann sjálfan. Mikilvægur hluti af því getur verið að miðla til aðstandanda/talsmanns því sem að þátttakandi sem lítið tjáir sig í orðum gerði á námskeiðinu. Verkin sjálf segja meira en orð en áhugvert getur verið að sýna myndir/myndbrot úr kennslustund eða vinnuferli við t.d. persónulegt listaverk vilji þátttakandi það sjálfur (Anna Soffía Óskarsdóttir, án ártals).

## Tónlist

Tónlist hefur bein áhrif á tilfinningar okkar, auk þess sem hún hefur sterk félagsleg áhrif og er stór hluti af sögu mannkyns. Hún bætir við og dýpkar vitund okkar og virkni. Tónlistarnám eflir vöxt og þroska þeirra sem þess njóta. Allar manneskjur bregðast við tónlist á einhvern hátt. Þeir sem hafa sáralitla heyrn bregðast t.d. við titringi úr hátölurum.

Það er ekkert „rétt“ eða „rangt“ í tónlistarupplifun, heldur er hún um manneskjuna sjálfa, upplifun hennar, uppgötvanir og ákvarðanir. Þetta rímar einkar vel við þær áherslur sem hafðar eru að leiðarljósi í námi fyrir markhóp þessarar námskrár, því rauði þráðurinn hér er áhersla á þátttöku, virkni og valdeflingu.

Námið er fyrst og fremst skipulagt með tilliti til listrænnar nálgunar. Námsáætlunin hefur að leiðarljósi þau heildarmarkmið sem sett eru upp og gildi hennar í framkvæmd er að sama skapi metið eftir því hvernig til tókst að vinna eftir þeim markmiðum. Það eru nokkrar leiðir sem fara má þegar kemur að námsmati. Nánar er fjallað um námsmatsferlið á öðrum stað í námskránni.

Heildarmarkmiðið sem á við í allri kennslu, jafnt fatlaðs fólks sem ófatlaðs, má ætíð setja fram með örstuttum hætti; að vita meira í dag en í gær. Athugið að þegar við notum orðið „vita“ hér, erum við að tala um víðara samhengi en bara vitræna upplifun, við erum að tala um reynsluheiminn í sinni víðustu mynd. Sú reynsla sem þátttakandi tekur með sér úr náminu getur haft framtíðaráhrif félagslega, listrænt (að þora að taka þátt og skapa), færnilega (hreyfifærni, greining á umhverfishljóðum, frumpættir í eðli tónlistar), hvað varðar sjálfsmynd, og varðandi innsýn í mismunandi samfélög (fjölbreytt hlustunarefni). Að þessu sögðu má bæta því við að undirmarkmiðin hér eru þessi: Að þátttakendur kynnist tónlist á víðum grundvelli, með hlustun á fjölbreytta tónlist frá ýmsum tímum og menningarsamfélögum, hljóðfærakynningu og sköpun. Að þátttakendur komist í kynni við langanir sínar og persónuleika hvað varðar sköpun og hlustun.

Hugsunin að baki þessarar áætlunar er sú að hún megi nýtast leiðbeinendum svo að þeir geri sér betur grein fyrir heildarmarkmiðum og uppsetningu þeirra og útfærslu, auk þess að virka sem hugmyndavaki þegar settar eru upp kennslueiningar fyrir tímaáætlun hvers hóps sem unnið er með.

**Kennsluaðstæður:** Kennslurýmið þarf að uppfylla nokkur skilyrði ef vel á að vera.

\*Hljómflutningstæki þurfa að vera til staðar, ennfremur magnari, hátalari og hljóðnemi til söngs. Hljómgæði þurfa að vera góð í stofunni.

\*Tölva með góðum hátölurum, skjávarpi.

\*Ásláttarhljóðfæri, bæði tónstillt (sbr. bjöllur, sílófóna, klukkuspil) og óstillt (sbr. tréstafi)

\*Fjölbreytni í hljóðfæravali hvað varðar áferð, þ.e. tré, málmur, tau o.s.frv.

\*Píanó, gítar eða hvorttveggja.

\*Aðgangur að upptökutæki fyrir hljóð og mynd.

\*Plöstuð A4 eða A5 spjöld með mynd af viðfangsefni tímans.

Dæmi:



(Evan-Amos, 2011) (Morgan, 2012).

Athugið að vinna alltaf með hljóðið/hugtakið/lagið fyrst, áður en spjaldið er kynnt til sögunnar, til að skapa tilfinningu fyrir verklegu inntaki verkefnisins áður en farið er að setja tákni á það.

**Æskilegir fylgihlutir, allt þó eftir hverjum og einum:**

Líta skal á eftirfarandi sem hugmyndir og tillögur að velja úr fyrst og fremst.

\*Fjölbreytt úrval af boltum, blöðrum og slæðum. Boltar, blöðrur og sápukúlur nýtast mjög vel í allt mögulegt, bæði til að þjálfra líkamann og sjónrænt. Að vinna með

blöðrur og sápukúlur þjálfar: orsök og afleiðingu, hópvinnu, rýmisskynjun, lögun og form.

\* Vifta getur ýtt til sápukúlum, blöðrum og slæðum.

\*Fjölbreyttir möguleikar á lýsingu í rýminu, þar með lítill ljóskastari til að auka á tilfinningu þátttakandans af að vera í aðalhlutverki.

\*Litlar mottur eða aðrar merkingar á gólfið til að staðsetja sig á þegar það á við.

\*Sleglar með svamp eða gúmmíbolta á skaftinu svo betra sé að ná taki á þeim.

\*Hanskar með álímdum smáhljóðfærum, sem límd eru á með sterku límbandi.

\*Blokkflautur aðlagaðar að þátttakendum með því að líma fyrir göt.

\*Hljóðfæri sem fest eru á borð, t.d. klukkuspil og bjöllur.

\*Hljóðfæri sem festa má við handlegg eða fótlegg.

\*Borð með álímdum lista eða skúffulæsingum til að hindra að hljóðfæri renni fram af.

\*Bolti með álímdum smábjöllum, til að henda/hrista.

\*Forrit, sérhönnuð hjálpartæki og hljóðfæri, hljóðmottur o.fl., að höfðu samráði við ráðgjafa eftir því sem við á.

\* Ljós af öllum stærðum og gerðum nýtast vel. Líka alls konar ljósaseríur. Vasaljós til að varpa geisla á t.d. eitthvað á gólfinu, eða til að snerta geislann.

\*Skrjáfandi plastpokar til að kreista.

\*Hálfar vatnsflöskur til að hrista.

\*Gúmmíteygjur utan um bauk eða dós, festar með sterku teipi á einum stað.

\*Kökubaukur til að slá á með flötum lófa, fingrum eða áhaldi.

\*Upptaka af skrytnum hljóðum sem hægt er að setja í gang með rofa.

## TÓNLISTARHUGTÖKIN

Frum- og eðlisþættir tónlistar. Frumþættir tónlistar vísa til þess sem tónlistin er í raun frá náttúrunnar hendi. Eðlisþættir tónlistar vísa til alls þess sem við getum gert með frumþættina, þ.e. uppröðun, lengd og hraði tóna og hryns, hljóðfæranotkun, notkun raddar, notkun rýmis, tækja og þess háttar (Menntamálaráðuneytið, 2007). Fyrir leiðbeinandann er gott að hafa þessi og eftirfarandi hugtök í huga þegar unnið er með þátttakendum, því jafnvel þó ekki sé verið að kynna þá til sögunnar sem slíka í kennslunni, þá eru þeir órjúfanlegur hluti hvers konar iðkunar og upplifunar á tónlist.

**Púls:** Hjartsláttur tónlistarinnar. Hægt að vinna út frá stöðugum undirliggjandi púls eða að flokka slögin í þrískiptan og fjórskiptan takt með áherslu á fyrsta.

**Lengd:** Mismunandi lengd hljóða/tóna. Hægt að vinna með t.d. gong og tréstafti. Blanda saman löngum og stuttum hljóðum í mynstur (hryn).

**Hraði:** Mismunandi tempo í tónlist. Ræðst af eðli tónlistar, ákvörðun flytjanda og hljóðfæri. Mismunandi tempo getur til dæmis skapað mismunandi tilfinningar.

**Tónhæð:** Mismunandi tónhæð skapar laglínu. Unnið með „ljósara/dekkra“. Best er að leggja mesta áherslu á að upplifa hljóðbylgjurnar, einkum ef heyrn er skert, muninn á einhverju mjög djúpu hljóði. Þetta má finna t.d. í Hip-hop tónlist og mjög hvellu hljóði frekar en að hugsa um heiti tóna og laglínu sem slíka. Undantekning á þessu er fallandi þríund; so-mí, sem unnið er markvisst með, vegna sterkra tengsla hennar við þjóðlög fjölmargra þjóða, auk þess sem hún er okkur öllum mjög eðlislæg frá því á fyrsta æviskeiði.

**Styrkleiki:** Sterkt eða veikt hljóð. Ræðst t.d. af fjölda flytjanda, áslætti og hljóðfæra vali. Skapar líf og tilfinningu í tónlist.

**Form:** Hvernig tónverkið er byggt upp samanber t.d. uppbyggingu sögu eða bara almennt skipulag, að raða upp hlutum. Stundum er andstæðum raðað saman, stundum eru hlutar endurteknir.

**Blær:** Litur tónlistarinnar. Hefur með mismunandi eiginleika hljóðs að gera. Mismunurinn kemur fram í mismunandi hljóðfærum og röddum og með notkun tækni.

**Áferð:** Tónlist getur verið lagskipt, ræðst af því hvernig hver hluti lags er samsettur. Eitt hljóðfæri eða fleiri og hvernig.

**Stíll:** Hann ræðst af öllum hinum þáttunum: hljóðfæravali (blær), samsetningu hljóða (áferð), hraða (tempo), styrk tónverksins eða þátta þess (styrkleiki), laglínunni (tónhæð), og hrynmmyndum (lengd, púls), skipulagi og uppbyggingu verksins (form).

Þegar tónlist er kennd í hóptímum er almennt gengið út frá eftirfarandi virknipáttum sem uppistöðu í ferlinu: Söngur, hlustun, hljóðfæraleykur, hreyfing, lestur, ritun. Alla þessa þætti má aðlaga að kennslu markhópsins. Söngur hefur góð áhrif á þróun talmáls. Þegar unnið er með tungumálið og hrynn (þ.m.t. sögur, ljóð og einstök orð) má segja að verið sé að samþætta námið með tungumála/tjáningarluta leiklistar. Söngur samofinn hreyfingu eykur jafnvægisskyn, samhæfingu, líkamsvitund og taktskyn (Hill, 2011).

Það er hægt að vinna með einstakt orð/hljóð úr munni þátttakanda með því að nota hljóðvinnsluforrit og þannig skapa hljóðheim. Einstök hljóð, upphrópanir, orð og setningar gætu verið kærkomið tækifæri til að styrkja tilfinningu þátttakanda fyrir eigin tjáningu og æfa notkun talfæra, að kveða að, nota varirnar, tunguna, opna/loka munni, stjórna öndun o.þ.h. Þátttakendur á Listnámsbraut geta einnig notið þess að taka þátt með því að horfa á aðra framkvæma.

**Víðari skilgreiningar hugtaka, sem vert er að hafa í huga í námi markhópsins:**

**Söngur** getur verið öll hljóðmyndun sem framkvæmd er með tónlistarleg markmið í huga en við getum jafnvel líka talað um „innri söng“ því öll þekkjum við það að syngja í hugarum. Hér á það við að hver syngur með sínu nefi. Persónuleg upplifun er það sem gildir.

**Hlustun** getur farið fram með einbeitingu og hugrænni gagnasöfnun, einnig með þeim hætti að síður sé hönd á festandi. Sumir hlusta ósjálfrátt og heyra jafnvel meira af umhverfishljóðum en þeir í raun óska eftir. Fyrir þá getur sá hljóðheimur sem kynntur er í tónlistartíma verið kærkomin leið til að útiloka önnur hljóð. Hlustun hefur áhrif sem við getum oft ekki kortlagt, en við vitum að þau eru til staðar.



**Hljóðfæraleikur** hefur með bæði hefðbundin og óhefðbundin hljóðfæri að gera. Það er líka hægt að heimfæra líkamsslátt (body slapping) undir þennan þátt.

**Uppbygging námsins:** Að jafnaði eru tveir til þrír þátttakendur í hóp.

Lærdómsferlið fer fram í þremur meginþáttum. Leitast er við að byggja upp færni- og reynsluheim með spírallaga nálgun á þessi atriði og þannig er aukið við stig af stigi hjá hverjum einstaklingi. Allir þrír þættirnir hvíla að miklu leyti á vinnu með sönglög af ýmsu tagi.

Notuð eru ásláttarhljóðfæri: tréstaðfir, trommur, þríhorn, hristur, bjöllur og sílófónar.

Hver þessara þátta hefur undirþátt sem í raun felur í sér spurninguna um innihald kennslustundanna. Notuð eru ákveðin lög sem unnið er markvisst með og valin eru m.t.t. þeirra þátta sem unnið er með. Þannig er unnið með ákveðin tónbil, t.d. so-mí, ákveðin tempo og blæ.

## Áætlun leiðbeinanda miðast út frá eftirfarandi beinagrind:

|  |   |
|--|---|
| *Þátttakendur hlusta, kynnast, upplifa.  | * <b>Hvernig</b> á að hlusta, kynnast, upplifa. (T.d. mismunandi náttúruhljóð, heimilishljóð, umferðarhljóð, umhverfishljóð, talmál, hljóðfæraleikur).  |
| *Þátttakendur framkvæma, flytja, sýna.   | * <b>Hvernig</b> á að framkvæma, flytja, sýna. (T.d. nota rödd (tal/söng), hreyfingu, hljóðfæri, upptökur).   |
| *Þátttakendur nota það sem kennt var sjálfstætt á skapandi hátt, sér til yndisauka.<br>Þarna kemur skráningarferlið inn í, það sem þátttakandinn tekur með sér heim eftir námið. | * <b>Hvernig</b> á að nota það sem kennt var sjálfstætt á skapandi hátt, sér til yndisauka. (Rödd, hljóðfæri, upptökur, hreyfing). Sköpunarþátturinn er aðalatriðið hér. Það þarf að skrásetja á einn eða annan hátt það sem fram fer þannig að þátttakandinn sjálfur geti vísað í það, t.d. með upptöku, endurspilun og myndspjaldi. |

Markmiðið er að þau lög sem unnið er með verði æ kunnuglegri og hvetji þannig til virkrar þátttöku.

**Ennfremur:** Gæði umfram magn. Ef það er gott flæði í tímanum og kennslueiningin virkar vel á hópinn, það er gaman, þá hefur flæðið forgang fram yfir tímaáætlunina. Það má færa virknieiningar milli tíma, breyta, bæta, stytta, lengja, allt eftir aðstæðum og hverjum hópi. Leiðbeinandi þarf ætíð að vera meðvitaður um mikilvægi þess að hafa jákvæð samskipti við þátttakendur. Þreyta og lyfjataka getur haft mikil áhrif á dagsformið. Byrja á grunninum, kanna hvaða kunnátta og færni er til staðar hjá hverjum og einum og vinna sig þaðan. Þetta eykur á öryggi þátttakenda í aðstæðunum og byggir upp sjálfstraust:

| <b>Unnið með hlustun, byrjað frá grunni:</b>   | <b>Unnið með hryn, byrjað frá grunni:</b>  | <b>Að kynna til sögunnar nýtt lag, byrjað frá grunni:</b>  | <b>Að kynna hljóðfæri fyrir þátttakanda, byrjað frá grunni:</b>  |
|--|--|--|--|
| Hvísla / kalla: unnið með hvort um sig með hverjum og einum, síðan með öllum hópnum. Aukin áhrif nást með að hafa myrkur þegar hvíslað er, kveikja ljós þegar kallað er.   | Langt / stutt: unnið með hvort um sig með rödd, t.d. langur geyspi með hljóði / stutt dagga-dagga hljóð með talrödd. Síðan langt hljóð með t.d. gong, og stutt hljóð með tréstöfum.  | Hlusta:<br>1) á upptöku af laginu á hljómdiski eða öðrum miðli.<br>2) á lagið spilað á mörg mismunandi hljóðfæri<br>3) á leiðbeinanda raula lagið og leika með á trommu. | Getur þátttakandi notað aðra hönd eða báðar? Velja hljóðfæri m.t.t. þess, svo sem kastanjetur eða bjöllur fyrir eina hönd en þríhorn eða trommu fyrir báðar. |
| <b>Að leggja verkefni fyrir fólk með sjónskerðingu:</b>  | <b>Að leggja verkefni fyrir fólk með heyrnarskerðingu:</b>   |  |  |
| Skýr rammi um verkefnið, á skjávarpa. Munnleg, persónuleg útskýring. Nota skýrt afmarkaða litafleti á myndir. Nota snertingu ef það dýpkar skilning. Nota hreyfingu ef það dýpkar skilning. Tengja myndir við hluti í rýminu, snerta þá. | Vera viss um að hafa athygli þátttakanda. Best er að vera í 1-2 metra fjarlægð. Forðast bakgrunnshávaða, nota skilrúm. Nota skýrar munnhreyfingar. Nota lága hljóðtíðni, t.d. bassasílófón. Nota tónstafi, titringurinn finnst á höndinni. |  |  |

## **Skipulag og markmið kennslu:**

Hér á eftir fer skipulag og framkvæmd kennslunnar, og er það sett fram á tveimur þrepum. Það má að einhverju leyti breyta uppröðun á tímunum ef það þykir henta.

Þrep 1 er sniðið að þörfum fólks með mikla þroskahömlun sem hefur veruleg áhrif á möguleika þeirra til að muna, skilja og framkvæma.

Þrep 2 er sniðið að þörfum þeirra sem hafa meiri möguleika á að byggja ofan á það sem reynslan kennir, bæði í framkvæmd og hvað varðar skilning. Allt sem þegar hefur verið sagt á við undirbúning kennslu bæði á þrepi 1 og 2. Hér á eftir verður farið sérstaklega í atriði sem hafa þarf í huga á hvoru þrepi fyrir sig og sett upp tafla með heildaráætlun á hvoru þrepi fyrir sig.

## **Þrep 1**

Þessi námskrá hentar vel þeim sem hafa litla hreyfifærni. Unnið er út frá skynfærunum sjón, heyrn og snertingu og þeirri hreyfifærni sem hver og einn þátttakandi hefur. Hver og einn tekur þátt á sínum forsendum. Mikilvægt er að átta sig á hvernig þátttakendur skynja sem best umhverfi sitt. Hafa þarf í huga að einstaklingar með mikla hreyfihömlun geta líka verið einhverfir og taka þarf tillit til þess í aðlögun umhverfis til að skapa öryggi og vellíðan, þótt þeir hafi ekki einhverfu sem hluta af fötlunargreiningu (sjá nánar um markmið og skipulag kennslustundar, bls. 15 og 16).

**Almennt um kennsluna og undirbúninginn fyrir þrep 1:** Hjá markhópnum verða oft mjög hægar framfarir og erfitt er að sjá í fljótu bragði hvort eitthvað hafi átt sér stað í tímanum hvað varðar upplifun og skynjun. Það er nauðsynlegt að fara mjög hægt yfir efnið og rifja oft upp. Það getur þurft að deila verkefninu niður í litlar einingar og jafnvel að halda skrá um hverja einingu til að fylgjast með framförum. Þá má reyna nýja nálgun ef sú fyrri skilar ekki árangri. Smám saman er hægt að kynna til sögunnar möguleikann á að velja milli tveggja atriða. Gott er að nota eins marga sjónræna þætti og unnt er (Sjá „Æskilegir fylgihlutir...“ bls. 68 og 69).

Ásláttarhljóðfæri þjálfar mörg atriðanna og eru mikilvægur hluti í kennslunni. Þau færa vinnuna með hvert atriði nær þátttakandanum jafnvel þó hann sé ekki sjálfur að framkvæma ásláttarhreyfinguna. Hlustun er gífurlega stór hluti af tónlistarnámi og getur orðið meginhvatinn í því að tileinka sér hluti, flytja, æfa og skapa. Hafa ber í huga að öll hljóð eru möguleg tónlistarsköpun, ef þau eru sett í fast form, t.d. busl í vatni eða geyspi. Þegar þátttakandi hlustar á eigin tónsköpun leggur hann eyrun við á nýjan hátt og tónlistarleg næmni hans eykst. Þannig vinna í raun allir undirþættirnir saman og spinnast hver inn í annan.

Gott er að ramma tímann alltaf inn á sama hátt, t.d. með ákveðnu lagi sem hlustað er á eða er sungið, eitt í upphafi tímans og annað í lok tímans. Oft er gott að syngja stutt skilaboð sem koma þarf áleiðis. *Sönglög og hljóðheimur*: Gott er að hafa sjónrænar tilvísanir t.d. útbúa spjöld sem tákna þau lög sem unnið er með, eitt fyrir hvert. T.d. mynd af hrafni fyrir lagið „Krummi krunkar úti“. Einnig getur þurft að skrásetja ákveðnar hljóðmyndir með því að útbúa spjöld fyrir þær, t.d. dyrabjöllu fyrir „so-mí“, kallþríundina og mynd af rigningu fyrir hljóðið sem regnstafurinn gefur frá sér. *Hrynur*: Sjónrænar tilvísanir: Þegar unnið er með fjórðaparts - og áttundapartsnótur (oft nefnt ta og títi til hægðarauka þegar unnið er með hryninn með byrjendum) er hægt að útbúa spjald með mynd af t.d. stjörnu ásamt spjaldi með tveimur töluvert minni stjörnum og benda á og segja „stór, litlar“ í stað „ta títi“. Það getur borgað sig að „grípa gæsina“, þ.e. vinna með stuttar setningar sem koma upp. Það er hægt að vinna með ýmsar hrynmyndir með því að kveða sterkt að mæltu máli, t.d. komdu blessaður, sem verður „ta ta títi ta“. *Sköpun*: Það er mikilvægt að grípa á lofti allt sem kemur frá þátttakandanum sjálfum, sjálfráð og ósjálfráð hljóð, smelli og klapp, og reyna að setja það í form með því að taka það upp, t.d. að útbúa A-B-A form úr því. Jafnvel þótt þátttakandinn taki ekki beinan þátt í að setja hljóðin upp í form, er vel hugsanlegt að hann leggi við eyrun á nýjan hátt og þekki hljóðin þegar hann heyrir flutninginn á verkinu. Einnig er mikilvægt að hvetja áfram alla hreyfingu sem á sér stað þegar hlustað er á tónlist. Gott er að leiðbeinandi sýni jafnóðum dæmi um möguleika á útfærslu.

## Hugum aftur að heildarmarkmiðum, nú með þrep 1 í huga:

Að vera viðstaddur og upplifa það sem fram fer er mjög mikils virði, samanber miðdálkinn hér:

| Höfuðmarkmið námskrár:   | Ramminn:   | Nálgunin:  |
|--|--|--|
| <p>Að auka meðvitund þátttakanda um umhverfið og eigin þátt í því.</p> <p>Að hvetja til svörunar og verða hugvekja fyrir þátttakandann og hvati til að taka frumkvæði í lífi sínu.</p> | <p>Viðvera,</p> <p>Viðbragð,</p> <p>Viljayfirlýsing.</p> | <p>Spíralnálgun er langoftast hentugri en línulaga nálgun. Gæta þess að veita minni aðstoð í hvert skipti sem komið er aftur að hverri athöfn, eftir því sem færnin eykst, og eftir því sem við á.</p> |

Skráð atriði og einstaklingsmarkmið þátttakanda á þrepi 1 fjalla um virkni þeirra, eftirtekt, viðbrögð og frumkvæði þegar unnið er með einstök atriði í kennslunni, s.s. hlustun, hljóðfæraleik og hreyfingu. Frumkvæði má t.d. sjá í athöfnum eins og að rétta út höndina svo hægt sé að klappa á hana „gefa fimmu“, eða að nota röddina á nýjan hátt.

Lokamarkmið fyrir þátttakanda á þrepi 1 gæti t.d. verið að ná einbeitingu til að kanna mismunandi umhverfishljóð og að hlusta á og bregðast við tónlist.

Merki þess að þátttakandi taki eftir því sem fram fer og sýni svörun við því er oft hægt að lesa úr ýmiss konar látbragði og athöfnum. Líkamsstaða, andlitsdrættir, spenna, slökun, augnhreyfingar og höfuðhreyfingar eru meðal þess sem vert er að gefa gaum.

## Þrep 1

| Þema og umfjöllunar-efni                     | Fjöldi tíma | Verkefni og virkniþættir   | Lokamarkmið   |
|--|-------------|--|---|
| <b>Hljóðfærakynning/<br/>hljóðfæranotkun</b> | <b>4</b>    | <b>Kynnast -hlusta<br/>-herma- tjá</b>   | <b>Áhugi -virkni<br/>-frumkvæði</b>   |
| Veikt / sterkt<br><br>/hljóðfæri             | 1. af 4     | Hlusta á dæmi um veikt og sterkt (hljóðfæraleikur, hljómflutningstæki)<br><br>Líkja eftir veiku / sterku hljóði (hljóðfæraleikur, hljómflutningstæki)<br><br>Tengja þetta við myndaspjöld (rigning, stormur, sól, blíða)<br><br>Nota hljóðnema | Að þátttakandi geti valið viðeigandi myndspjald til að gefa til kynna ákvörðun um að framkvæma eitthvað veikt / sterkt<br><br>Að þátttakandi taki frumkvæði um að gera sína útgáfu af veikum og sterkum hljóðum |
| Hægt / hratt<br><br>/hljóðfæri               | 2. af 4     | Hlustun, hermileikur, tenging við spjöld, samanber liðinn á undan<br><br>Slá handtrommu við fótlegg/handlegg<br><br>Opna og loka munninn hægt / hratt (ef hægt er)   | Að þátttakandi geti valið viðeigandi myndspjald til að gefa til kynna ákvörðun um að framkvæma eitthvað hratt / hægt<br><br>Að hann taki frumkvæði um að gera hraðan eða hægjan taktslátt á líkama eða          |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|   |         |  |   |
|---|---------|--|---|
|   |         | Þátttakandi heldur á tréstafl og leiðbeinandi slær í hann með öðrum tréstafl (þá finnst titringurinn í hönd þátttakandans)   | hljóðfæri, hefðbundið eða óhefðbundið   |
| Allir - einn<br><br>/hljóðfæri<br><br>(vísað í lista með hlustunarefni) | 3. af 4 | Hlusta á fjölbreytta tónlist<br><br>Hlusta á kór og einsöng<br><br>Spila á hrynhljóðfæri þar sem kemur þögn, leiðbeinandi spilar á móti<br><br>Nota röddina á óhefðbundinn hátt til að kallast á; allir / einn<br><br>Nota mottu til að afmarka sviðið fyrir sólóistann, nota kastljós og varpa á sólóistann | Að þátttakandi geti valið viðeigandi mynd á spjaldi til að gefa til kynna ákvörðun um að framkvæma eitt-hvað einn eða í hópi<br><br>Að þátttakandi taki frumkvæði um að færa athyglina á sig og sinn flutning |
| Líkamstromma (klapp, stapp, strokur)<br><br>/hljóðfæri                  | 4. af 4 | Stappa / klappa<br><br>Nota tunguna<br><br>Slá með slegli í skósóla<br><br>Taka upp hljóð sem myndast við að klóra sér, strjúka lófann o.s.frv.  | Að auka líkamsvitund þátttakenda  |

| Hlustun / tjáning /<br>tónlist fyrr og nú   | 8       | Kynnast -hlusta<br>-herma- tjá  | Áhugi -virkni<br>-frumkvæði  |
|---|---------|---|--|
| Heimstónlist<br><br>(vísað í lista með<br>hlustunarefni, hér aftar,<br>þegar unnið er með alla<br>8 tímana) | 1. af 8 | Deila eftirfarandi niður á tímana átta<br>sem eru miðaðir við að fara í<br>gegnum hlustunarefni og kynnast<br>tónlist á breiðum grunni:<br>-frjáls hreyfing / höfuðdans<br>-fingradans / handleggjadans<br>-liggjandi dans / hlusta í myrkri<br>-röddin notuð, sungið með<br>-ásláttarhljóðfæri með hlustun | Að þátttakandi læri við<br>endurtekna hlustun að<br>þekkja nokkur verk og<br>geti valið að hlusta á<br>eitt ákveðið verk<br><br>Að þátttakandi sýni<br>viðbrögð við og tjái það<br>sem hann heyrir<br><br>Að þátttakandi velji sér<br>hljóðgjafa til að nota<br>við tjáningu |
| Íslensk þjóðlög   | 2. af 8 | Sömu efnistöð og hér að ofan  | Sömu lokamarkmið   |
| Erlend þjóðlög  | 3. af 8 | Sömu efnistöð og hér að ofan  | Sömu lokamarkmið   |
| Söngur án undirleiks  | 4. af 8 | Sömu efnistöð og hér að ofan  | Sömu lokamarkmið   |
| Laglína í forgrunni   | 5. af 8 | Sömu efnistöð og hér að ofan  | Sömu lokamarkmið   |



## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|  |          |  |  |
|--|----------|--|--|
| Óhefðb. notkun raddar  | 6. af 8  | Sömu efnistöð og hér að ofan   | Sömu lokamarkmið   |
| Líkamshljóð  | 7. af 8  | Sömu efnistöð og hér að ofan   | Sömu lokamarkmið   |
| Klassísk tónlist (sjá hlustunarefni)                           | 8. af 8  | Sömu efnistöð og hér að ofan   | Sömu lokamarkmið   |
| <b>Dans / hreyfing / sköpun / herma</b>                        | <b>4</b> | <b>Kynnast -hlusta<br/>-herma- tjá</b>   | <b>Áhugi -virkni<br/>-frumkvæði</b>  |
| Frjáls dans<br><br>(vísað í lista með hlustunarefni hér aftar) | 1. af 4  | Eitthvað af eftirfarandi eða allt, eftir hverjum og einum, við tónlistarflutning af hljómflutningstæki:<br><br>Velta sér eftir gólfi við tónlist<br><br>Lófadans (fingur í lófa) eftir tónlist<br><br>Hoppa eftir tónlist<br><br>Hreyfa líkamann /frjáls tjáning | Að þátttakandi geti valið viðeigandi spjald til að velja athöfn sem verið var að æfa og notað hana |
| Ákveðin hreyfing eftir hljóðmerki sem gefið er og æft er á     | 2. af 4  | Eitthvað af eftirfarandi eða allt, eftir hverjum og einum, við tónlistarflutning af hljómflutningstæki:  | Að þátttakandi geti valið viðeigandi spjald til að velja athöfn sem                                |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|   |         |  |  |
|---|---------|--|--|
| undan, tengja hljóðmerki við myndaspjöld  |         | <p>Ganga hönd í hönd í rýminu</p> <p>Horfa til hliðanna / lyfta öxlum</p> <p>Opna og loka augum</p> <p>Hreyfa handleggi á ýmsa vegu</p> <p>Horfa upp / niður</p>   | verið var að æfa og notað hana   |
| <p>Sköpun; nota eitthvað af eða allt eftirfarandi, bæta við eftir því sem hugmyndirnar fæðast:</p> <p>Blöðrur, stórar og litlar</p> <p>Bjöllur, sílófónar, hljómborð, trommur, strengir</p> <p>Andlitsmálning</p> <p>Slæður, lituð ljós</p> | 3. af 4 | <p>Framkvæmt við tónlistarflutning af hljómflutningstæki:</p> <p>Ljósir litir (bjöllur, rödd, hljómborð) túlkuð og tjáð á ýmsan hátt með hreyfingu og látbragði</p> <p>Dökkir litir (stór tromma, rafbassi, hljómborð) túlkuð og tjáð á ýmsan hátt með hreyfingu og látbragði</p> <p>Glaður / dapur, túlkað og tjáð eftir hverjum og einum</p> | Að þátttakandi geti valið viðeigandi spjald til að velja athöfn sem verið var að æfa og notað hana |
| Herma / spegla  | 4. af 4 | <p>Spegla hreyfingu leiðbeinanda:</p> <p>Handleggur, fótleggur, fingur, tunga, augu, varir</p>   | Að þátttakandi geti valið viðeigandi spjald til að velja athöfn sem verið var að æfa og notað hana |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

| Grunnslag og hrynur, hljóðfæraleikur og sköpun | 4       | Kynnast -hlusta<br>-herma- tjá  | Áhugi -virkni<br>-frumkvæði   |
|--|---------|---|---|
| Grunnslag<br>(sjá hlustunarefni)               | 1. af 4 | Hlusta á hjartslátt, slá taktinn við<br><br>Hlusta á taktfasta tónlist, heyra nafnið sitt kallað á 1. taktslagi<br><br>Slá ásamt leiðbeinanda á trommu með taktföstu lagi             | Öll viðbrögð sem koma eru skrásett  |
| Hrynur<br>(sjá hlustunarefni)                  | 2. af 4 | Vinna með grunnslag / hryn á ásláttarhljóðfæri<br><br>Hlusta á hljómflutning með fjölbreyttum hrynmynstrum, spila frjálst með   | Öll viðbrögð sem koma eru skrásett  |
| Hljóðfæraleikur<br>(sjá hlustunarefni)         | 3. af 4 | Hlusta á dæmi um a.m.k. 4 mismunandi hljóðfæri sem leiðbeinandi spilar á hratt og hægt<br><br>Spila á a.m.k. 2 mismunandi hljóðfæri, hratt og hægt<br><br>Taka upp sýnishorn af lið 2 | Að þátttakandi geti valið eftir mynd á spjaldi að spila á ákveðið hljóð-færi og að spila hratt / hægt |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|                                    |          |  |  |
|------------------------------------|----------|--|--|
| Sköpun                             | 4. af 4  | Hópverkefni: upptaka á hljóðflutningi frá hverjum og einum, nota allt sem unnið hefur verið með í þessum þætti   | Þátttakandi velur sinn þátt í ferlinu með því að velja spjöld og framkvæma |
| <b>Raddstyrkur og söngrodd</b>     | <b>4</b> | <b>Kynnast -hlusta<br/>-herma- tjá</b>   | <b>Áhugi -virkni<br/>-frumkvæði</b>  |
| Raddstyrkur<br>(sjá hlustunarefni) | 1. af 4  | Hlusta á mismunandi notkun talfæranna, annað en söng, gera tilraunir með leiðbeinanda með ýktan raddblæ, stuttar setningar og einstök orð /hljóð<br><br>Nota röddina; tal, kall, hvísl<br><br>Öndun, þind; geispar, hlátur | Að þátttakandi geti notað að eigin frumkvæði veika og sterka rödd          |
| Söngrodd<br>(sjá hlustunarefni)    | 2. af 4  | Hlusta á söng þar sem notuð er mismunandi áferð raddar<br><br>Hlusta á söng án undirleiks, gera eigin tilraunir með aðstoð leiðbeinanda<br><br>Syngja með leiðbeinanda á so-mi   | Að þátttakandi geti greint á milli þess að syngja og tala                  |
|                                    |          |  |  |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|   |          |   |   |
|---|----------|---|---|
| Karaoki                                       | 3. af 4  | Hlusta endurtekið á 4 mismunandi sönglög sem leiðbeinandi velur m.t.t. hópsins og syngja með                      | Að þátttakandi geti valið eitt af lögunum eftir myndum á spjaldi                                |
| Frjáls spuni með rödd<br>(sjá hlustunarefni)  | 4. af 4  | Hlusta á geispahljóð, herma, prófa<br><br>Hlusta á hrotur, herma, prófa<br><br>Hlusta á sýrenuhljóð, herma, prófa | Að þátttakandi geti valið að flytja eina þessara athafna með því að velja viðeigandi myndspjald |
| <b>Tónhæð, tenging við fyrri viðfangsefni</b> | <b>4</b> | <b>Kynnast -hlusta -herma- tjá</b>  | <b>Áhugi -virkni -frumkvæði</b>   |
| Tónhæð og hljóðfæri                           | 1. af 4  | Nota hljóðfærin sem unnið hefur verið með til að túlka ýmist ljóst (efra) eða dökkt (neðra) tónsvið               | Upprifjun, tenging við fyrri efni   |
| Tónhæð og hlustun<br>(sjá hlustunarefni)      | 2. af 4  | Hlusta á úrval sýnishorna um háa og lága tónhæð, hljóðfæri og rödd  | Upprifjun, tenging við fyrri efni   |
| Tónhæð og hreyfing                            | 3. af 4  | Hlusta á sama efni og í síðasta tíma, túlka sem gerist með því að sýna það í hreyfingu og spuna                   | Upprifjun, tenging við fyrri efni   |
| Tónhæð og rödd                                | 4. af 4  | Hvísla / kalla  | Upprifjun, tenging við fyrri efni   |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|  |          |  |  |
|--|----------|--|--|
|  |          | Hefðbundin og óhefðbundin notkun raddar, ýmis tónhæð   |  |
| <b>Hraði (tempo); hratt, hægt, hægar, hraðar</b>   | <b>4</b> | <b>Kynnast -hlusta<br/>-herma- tjá</b>   | <b>Áhugi -virkni<br/>-frumkvæði</b>  |
| Hratt  | 1. af 4  | Að þátttakandi upplifi muninn á hröðu og hægu tempói í tónlist og áslætti<br><br>Að þátttakandi noti allar aðferðir og miðla sem unnið hefur verið með til að tjá hratt; hratt tal, hraðan áslátt, hraðan söng, hraðgenga vél, hraðan ljósgeisla   | Að þátttakandi geti valið hraða athöfn eftir myndspjaldi                             |
| Hægt   | 2. af 4  | Að þátttakandi upplifi muninn á hröðu og hægu tempói í tónlist og áslætti. (Leiðbeinandi 1 slær í stóra blöðru, stuðningsaðili slær í stóra trommu eða gong um leið)<br><br>Að þátttakandi noti allar aðferðir og miðla sem unnið hefur verið með til að tjá hægt; hægt tal, hægán áslátt, hægán söng, hægenga vél | Að þátttakandi geti framkvæmt eitthvað hægt og valið viðfangsefni eftir myndspjöldum |
| Hægar og hægar (ritardando)<br>(sjá hlustunarefni) | 3. af 4  | Hlustunardæmi um ritardando<br><br>Hlustun, leiðbeinandi spilar / syngur rit.  | Að þátttakandi geti framkvæmt eitthvað smám saman hægar                              |

|                                   |          |   |   |
|-----------------------------------|----------|---|---|
|                                   |          | <p>Þátttaka, leiðbeinandi og þátttakandi klappa smám saman hægar</p> <p>Hlæja smám saman hægar</p> <p>Spila smám saman hægar</p>  |   |
| Hraðar og hraðar<br>(accelerando) | 4. af 4  | <p>Hlustunardæmi um accel.</p> <p>Hlustun, leiðbeinandi spilar / syngur accel.</p> <p>Þátttaka, leiðbeinandi og þátttakandi klappa smám saman hraðar</p> <p>Spila smám saman hraðar</p> | Að þátttakandi geti framkvæmt eitthvað smám saman hraðar          |
| <b>Umhverfishljóð:</b>            | <b>4</b> | <b>Skapa -tjá</b>   | <b>Áhugi -virkni<br/>-frumkvæði</b>                               |
| Umhverfishljóð;<br>þögn / hljóð   | 1. af 4  | <p>Þátttakandi fær heyrnartól sem útiloka hljóð til að upplifa þögn sem mótvægi við hljóð</p> <p>Leiðbeinandi og þátttakandi gera tilraunir með ýmis hljóð / þögn</p>                   | Að þátttakandi upplifi muninn á algjörri þögn og einhverju hljóði |

## Listnámsbraut – sköpun, upplifun og þátttaka

|  |          |  |   |
|--|----------|--|---|
| Umhverfisljóð;<br>fólk   | 2. af 4  | Taka upp raddir þátttakenda, hvísl, tal, hróp o.fl., spila þær fyrir hópinn, ræða saman um raddirnar og hverjum þær tilheyra             | Að þátttakandi fái skýra mynd af því hvaða rödd tilheyrir hverjum, og geti bent á eða horft á þann sem röddin tilheyrir                           |
| Umhverfisljóð;<br>kennslurýmið<br><br>(Taka upp dæmi af hverju viðfangsefni) | 3. af 4  | Banka á dyrnar, koma inn<br><br>Draga gluggatjöldin frá / fyrir<br><br>Draga húsgagn eftir gólfinu<br><br>Hlusta á upptökurnar, ræða þær | Að þátttakandi fái skýra mynd af því hvaða hljóð koma fyrir í rýminu, og geti bent á uppruna hljóðsins t.d. með því að horfa í áttina að hljóðinu |
| Umhverfisljóð;<br>utan rýmis<br><br>(sjá hlustunarefni)                      | 4. af 4  | Hlusta á ýmis hljóð úr daglegu lífi<br><br>Tengja þessi hljóð við myndir á spjöldum, nefna þau, ræða þau                                 | Að þátttakandi upplifi hvaða hljóð koma fyrir í daglegu lífi og í náttúrunni og geti bent á myndspjald þ.a.l.                                     |
| <b>Hljóðfæragerð:<br/>sex hljóðfæri</b>                                      | <b>6</b> | <b>Kynnast -hlusta<br/>-herma- tjá -skapa</b>  | <b>Áhugi -virkni<br/>-frumkvæði</b>   |
| Blöðrutromma   | 1. af 6  | Þátttakandi malar og skreytir skálina og kemur blöðrunni fyrir á henni, leiðbeinandi aðstoðar eftir þörfum                               | Að þátttakandi taki virkan þátt í að búa til  |



|  |                |   |  |
|--|----------------|---|--|
| <p>Efniviður:</p> <p>stór blaðra<br/>skál<br/>eða<br/>stór blaðra<br/>pappahólkur /pik-nik<br/>skrautpappír eða bönd</p>       |                | <p>(Tynes, 2008)</p> <p>Sami framgangsmáti</p>  | <p>og gera tilraunir með eigin hljóðgjafa</p>  |
| <p>Regnstokkur</p> <p>Efniviður:</p> <p>pappahólkur, stór<br/>baunir eða gróft salt<br/>trekt</p>                              | <p>2. af 6</p> | <p>Þátttakandi málar hólkinn, kemur innihaldinu fyrir og lokar endanum. Leiðbeinandi aðstoðar eftir þörfum (Expert Village, 2007b).</p>   | <p>Að þátttakandi taki virkan þátt í að búa til og gera tilraunir með eigin hljóðgjafa</p> |
| <p>Tambúrína</p> <p>Efniviður:</p> <p>einnota djúpur diskur<br/>borðar / bönd<br/>tússpennar<br/>gatari<br/>litlar bjöllur</p> | <p>3. af 6</p> | <p>Þátttakandi skreytir diskinn og gerir nokkur göt meðfram kanti, skilur eftir 10 cm. ógataða. Bjöllur og hringir fest á band og sett í götin,</p> <p>(eitt band með bjöllu og tveimur hringjum í hvert gat) leiðbeinandi aðstoðar eftir þörfum (Expert Village, 2007c).</p> | <p>Að þátttakandi taki virkan þátt í að búa til og gera tilraunir með eigin hljóðgjafa</p> |

